


ÁRSSKÝRSLA 2012



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Kammerkór Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar söng nokkur lög við ljóð Halldórs Laxness á Degi bókarinnar 23. apríl. Þann dag voru opnaðar fjórar sýningar í safninu og þar af *Bernska skálds í byrjun aldar*, en sýningin var helguð 110 ára fæðingardegi Halldórs Laxness.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2012.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Erla Bjarnadóttir.

Forsíðumyndin er ljósmyndaverk eftir bandarísku listakonuna Jean Larson, sem hún færði safninu að gjöf. Myndin var á sýningunni *Eylanduhugsanir - Musings* í safninu 15. sept- 20. nóv. (sjá bls. 32).

Myndirnar eru teknar af ljósmyndara safnsins, Helga Bragasyni.



EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI	4
Árangurssamningur	4
STJÓRNSÝSLA.....	6
Innra starf.....	7
Samskipti við Háskóla Íslands.....	11
Innlent samstarf.....	12
Erlent samstarf.....	15
Samningar	17
SKIPURIT.....	18
REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI	19
Fjármál – skrifstofuhald	19
Hússtjórn.....	19
Starfsmannþjónusta.....	20
Tölvurekstur	21
Upplýsingatækni og vefstjórn	21
AÐFÖNG OG SKRÁNING	23
Skylduskil.....	23
Aðföng.....	23
Íslensk skráning og bókfræðistjórn	24
Erlend skráning og bókfræðistjórn.....	24
Gæðastjórn Gagnis.....	24
VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ	25
Forvarsla og bókbandsstofa	25
Myndastofa	25
Handritasafn.....	25
Íslandssafn.....	26
Sérstöfn	27
Tón- og myndsafn	27
Kvennasögusafn	27
Miðstöð munnlegrar sögu.....	27
MIÐLUN OG RAFRÆNN AÐGANGUR.....	29
Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla	29
Tímarit og staðalnúmer	30
Millisafnalán.....	30
Landsaðgangur	31
Sýningar og kynningar	31
ÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI VIÐ HÍ	33
Útlán.....	33
Útibú	34
Námsbókasafn.....	35
Lokaverkefni og rannsóknarit.....	35
ÁRSTÖLUR	36
Notendur og þjónusta	36
Safnkostur og rekstur.....	40



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir íslensku samfélagi þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Áframhaldandi niðurskurður og aðhald var í rekstri safnsins líkt og undanfarin ár. Framlög á fjárlögum voru skorin niður um 2% þannig að alls hefur verið skorið niður um 22% á undanförunum árum. Jafnframt varð hækkun á öllum aðföngum til safnsins vegna lágs gengis íslensku krónunnar. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn var Landsaðgangur að gagna-söfnum og stafrænum tímaritum eins og áður.

Í rekstri safnsins var hagrætt og sparað eftir bestu getu en samkvæmt ársreikningi 2012 voru notaðar um 9.3 millj. kr. af uppsöfnuðum afgangi fyrri ára. Ekki var ráðið í störf nema brýna nauðsyn bæri til og stóð fjöldi ársverka nánast í stað. Um áramót var þó óráðið í tvö störf. Ferðir, endurmenntun og ráðstefnur voru í lágmarki. Nokkuð var um nauðsynlegar framkvæmdir sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, m.a. var ráðist í að hreinsa og lagfæra alla glugga í húsinu vegna hættu á myglu og öryggis-hugbúnaður safnsins var eflur verulega. Sértekjur voru hærri en reiknað hafði verið með, en þar má telja aukafjárveitingu vegna gluggaframkvæmanna, styrk frá Netríkið Ísland vegna *leitir.is* og styrk frá Vinnuálastofnun vegna sumarverkefna.

Meðal stórra verkefna sem var lokið og áfanga sem náðust á árinu má nefna að Miðstöð munnlegrar sögu var sameinuð safninu þann 15. mars. Þá undirritaði safnið Berlínaryfirlýsingu um opin aðgang í september. Nýr vefur, *Þýðingar Íslendingasagna*, var opnaður 1. des. og vefurinn *Íslandskort* var opnaður í nýrri og endurbættri útgáfu. Þá samþykkti Alþingi ný bókasafnalög nr. 150/2012 þann 19. des.

ÁRANGURSSAMNINGUR

Í samræmi við árangurssamning milli safnsins og menntamálaráðuneytisins frá 2005 er lögð áhersla á stöðu safnsins sem þekkingarveitu. Rætt hefur verið um endurskoðun samningsins en ekki orðið af því. Áherslur í gildandi samningi eru einkum tvenns konar, *Stafrænt Þjóðbókasafn* og *Stafrænt rannsóknabókasafn*. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum í þessum málaflokkum:

STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Styrkur til myndunar landsmáblaða fékkst frá Alþingi og var unnið að því verkefni á Akureyri og var stöðin þar opin allt árið. Þá var tekin stefna á að gera samninga um birtingu á ritrýndum íslenskum tímaritum. Einnig var unnið að ýmsum kostuðum verkefnum aðallega tengdum *tímarit.is*. Heildarfjöldi myndaðra blaðsíðna á *tímarit.is* er nú 4.3 milljónir. Allt efnið er ljóslesíð en það gerir leit í efni blaðanna mögulega. Á *handrit.is* var áfram unnið að skráningu og stafrænni endurgerð en um 1.360 handrit hafa verið mynduð, alls um 347 þús. bls. og um 410 rit hafa verið mynduð á *bækur.is*, alls um 160 þús. bls. *Sagnanetinu* frá árinu 2001 var lokað formlega, en gögnin verða aðgengileg á *handrit.is* og *bækur.is*. Þá var meirihluti mynda á *íslandskort.is* endurnýjaður í tengslum við nýja útgáfu og mikið að af nýjum kortum bætt við.

Móttaka og söfnun stafræns íslensks efnis

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Nú eru rúmlega 2.200 milljónir skjala í safninu. Fjöldi vefsetra sem tilheyra *.is* voru í árslok um 41 þúsund. Magnið í árslok var um 37 terabæt.

Safnið rekur *skemman.is* sem er opið geymslusafn fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarit starfsmanna háskóla. Skemman er í DSpace gagnageymslu sem er opin hugbúnaður (Open Source). Verkefnið er samstarfsverkefni allra háskólanna. Nú eru í Skemmuni um 13.000 verk.

Rafhlaðan.is, sem var opnuð 2011, er einnig DSpace gagnageymsla. Hún er hugsuð fyrir útgefið íslenskt efni sem verður til stafrænt. Efnið er ýmist sótt af starfsmönnum safnsins eða að einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu voru um 2500 einingar um áramót.

Um 190 geisladiskar með tónlist voru afritaðir í stafræna geymslu og einnig var tekið á móti stafrænu efni í gegnum Miðstöð munnlegrar sögu.

Landsaðgangur

Með nýjum lögum um safnið frá 2011 varð Landsaðgangurinn lögbundið verkefni þess. Á árinu 2012 fékk safnið viðbótar framlag á fjárlögum vegna verkefnisins, en verð á þeim gögnum sem eru í Landsaðgangi hefur hækkað verulega vegna falls krónunnar. Unnið var að endurskoðun samninga til næstu þriggja ára en endurskoða þarf fjármögnun og skipulag verkefnisins til framtíðar.

Til að auðvelda aðgengi að efni Landsaðgangs og rafrænna áskrifta einstakra háskóla er notað SFX Classic krækjakerfi og tímaritalistar. Árið 2011 var efni í Landsaðgangi gert aðgengilegt í samþættu leitargáttinni *leitir.is* og um leið var bX ábendingaþjónustan, sem vísar notendum á skylt eða tengt efni, tekin upp. Öll þessi kerfi eru rekin af Landskerfi bókasafna. Þá hefur efnið ennfremur verið gert aðgengilegt í gegnum aðrar leitarvélur s.s. Google Scholar, High Wire og Scirrus. Heildarnotkun á efni Landsaðgangs eykst enn.

Vefir safnsins

Sífelld er unnið að því að bæta aðgengi að efni safnsins á vef og veita upplýsingar um þjónustuna. Lokið var við endurskoðun vefja safnsins í átt að samræmdu útliti, leiðakerfi og virkni og eru þeir nú allir í sama vefumsjónarkerfi. Við endurskoðun vefjanna er tekið mið af þeim áherslum sem liggja til grundvallar úttektum á vefsíðum opinberra stofnana á Íslandi. Unnið er eftir staðlinum WCAG 2.0 (Web Content Accessibility Guidelines) fyrir aðgengi fatlaðra og sjónskertra að vefsíðum. Í árslok voru vefir sem safnið rekur átján talsins og eru sumir þeirra samstarfsverkefni og hafa sitt sérstaka útlit. Nú er tvöföld vefmæling á mörgum vefjum safnsins en þeir eru mældir bæði með Modernus og Google Analytics, sem bjóða upp á ólíka valkosti. Heildarnotkun vex á milli ára.

Samfélagsmiðlar

Safnið er með Facebook síðu sem er notuð til að kynna viðburði og breytingar í starfseminni og eru um 1200 vinir á síðunni og sífelld bætist við. Kvennasögusafn, handritasafn og tón- og myndsafn og landsaðgangur eru einnig með síður á Facebook og tón- og myndsafn er einnig með MySpace síðu í því skyni að kynna starfsemi sína, til að safna efni og setja sig í samband við íslenska tónlistarmenn sem gefa út verk sín á netinu. Þá geta notendur Uglu, innri vefs Háskóla Íslands, bætt safninu við forsíðuna hjá sér, fengið fréttir safnsins eða tengla á helstu úrræði í heimildaleit.

Opinn aðgangur (Open Access)

Norræna verkefnið Nordbib um þróun opins aðgangs að vísinda og rannsóknarupplýsingum (Open Access) var enn framlengt og en því lauk formlega í júní 2012 með ráðstefnu í Kaupmannahöfn. Öllum styrktum verkefnum var lokið en norrænu landsbókasöfnin vinna áfram að stafrænni endurgerð samnorrænna vísindatímarita.

Á vegum Háskóla Íslands var skipuð nefnd til að móta stefnu um opinn aðgang í samræmi við stefnu skólans. Nefndin skilaði drögum að stefnu, sem fóru síðan í umsagnarferli innan skólans. Allar umsagnir höfðu skilað sér í árslok. Þá gaf Rannís út reglur um að niðurstöður þeirra rannsóknarverkefna sem fá styrki úr sjóðum Rannís skuli birtar í opnum aðgangi sbr. stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnin voru innan safnsins, auk þess sem birtar eru töflur um árangursmælingar og lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

STJÓRNSÝSLA

STJÓRN

Í stjórn sátu Vésteinn Ólason formaður, skipaður af menntamálaráðherra, Rögnvaldur Ólafsson og Anna Agnarsdóttir tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Kristín Svavarsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs og Erna Björg Smáradóttir tilnefnd af Upplýsingu. Varamenn voru Sólvéig Ólafsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Magnús Gottfreðsson og Sveinn Ólafsson. Í september tók Arnfríður Guðmundsdóttir sæti í stjórninni sem fulltrúi Háskóla Íslands í stað Önnu Agnarsdóttur og Ágústa Pálsdóttir var skipuð varamaður. Fulltrúi starfsmanna var Ragna Steinarsdóttir en varamaður hennar var Rannver H. Hannesson. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu. Fundargerðir stjórnar eru birtar á *Inngangi*, innri vef safnsins og sendar menntamálaráðuneytinu.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæft og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórnarnir Edda G. Björgvinsdóttir, Ívar Jónsson, Örn Hrafnkelsson, Halldóra Þorsteinsdóttir og Áslaug Agnarsdóttir. Ívar lét af störfum í júní og ekki var ráðinn sviðsstjóri aðfangasviðs á árinu. Framkvæmdaráð fundaði 33 sinnum og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

LAGAUMHVERFI

Á haustmánuðum var lagt fram á Alþingi frumvarp til bókasafnalaga en málið hefur verið í vinnslu í nokkur ár. Alþingi afgreiddi frumvarpið sem lög þann 19. desember og fengu þau númerið 150 / 2012. Um leið féllu úr gildi lög um almenningsbókasöfn og lög um Blindrabókasafn Íslands. Þá var gerð breyting á einni grein laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, þannig að ákvæði um gjaldtöku eru samræmd. Lögin ná til allra bókasafna í landinu sem eru rekin fyrir opinbert fé og sameiginlega eiga þau að mynda bókasafnakerfi landsins. Nýmæli er stofnun bókasafnaráðs og bókasafnasjóðs. Sjóðurinn skal styrkja skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja önnur verkefni til að efla faglegt samstarf bókasafna, m.a. alþjóðleg samstarfsverkefni. Þá er einnig mikilvægt ákvæði um söfnun tölfraeði um starfsemi bókasafna.

Þá má geta þess að drög að menningarstefnu voru

voru lögð fram á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fyrirhugað er að leggja stefnuna fram sem þingsályktunartillögu á Alþingi.

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU SAMEINAST LANDSBÓKASAFNI ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFNI

Miðstöð munnlegrar sögu sameinaðist Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn þann 15. mars og verður hún sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk Miðstöðvarinnar er að safna, skrá og varðveita heimildir í munnlegri geymd, einkum þær er varða sögu Íslendinga og veita almenningi og fræðimönnum aðgang að þeim. Miðstöðin tók til starfa 26. janúar 2007. Hún var sjálfstæð starfseining innan Háskóla Íslands og að stofnun hennar stóðu Sagnfræðistofnun, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) og menntavísindasvið Háskóla Íslands í samvinnu við Lbs-Hbs. Miðstöðin hefur staðið fyrir námskeiðum og fræðslu um viðtalstækni, siðareglur, tæknibúnað og úrvinnslu viðtala svo og um aðferðir munnlegrar sögu. Safn Miðstöðvarinnar hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum. Í nýtt fagráð voru skipuð Guðmundur Jónsson prófessor við HÍ, Þorsteinn Helgason dósent við HÍ, Sólvéig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Reykjavíkur-Akademíunnar, Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur og Örn Hrafnkelsson frá Lbs-Hbs.

STEFNUMÓTUN

Í stefnu safnsins 2009-2012, *Þekkingarveita í allra þágu*, voru skilgreind 70 verkefni. Við uppgjör á stefnunni í lok ársins kom fram að lokið var við 47 (67.2%) verkefni, í vinnslu voru 12 (17.2%) og í bið eða hætt við voru 11 (15.7%). Meðal verkefna sem lokið var við má nefna, endurskoðun á vefjum safnsins, *leitir.is*, hugbúnað fyrir efnisorð, *vefsafn.is*, *handrit.is*, stafræna endurgerð ÍBR safnsins, OCR lestur stafræns efnis, viðgerða og varðveislustefnu fyrir fágæti, samstarfssamninga við HÍ og námsbraut í bókasafns- og upplýsingatækni, aðgengisstaðla fyrir vefina, nýtt skipurit, þróun verkefnaáætlana, fræðslustefnu fyrir safnið og endurskoðun á *Inngangi*. Í lok ársins hófst undirbúningur að mótun nýrrar stefnu.

SKIPURIT

Núverandi skipurit tók gildi 1. janúar 2011. Það var endurskoðað í janúar til samræmis við lög nr. 142/2011 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og nokkrar breytingar gerðar (sjá bls. 18).

INNRA STARF

REKSTRARÁÆTLUN

Framlag til safnsins á fjárlögum 2012 og vegna rannsóknaleyfa og kjarasamninga var 730 millj. kr. Það er talsverð hækkun frá fyrra ári sem að meginhluta skýrist af því að sérstakt framlag ríkisins vegna Landsaðgangs undanfarin ár bætist við, þar sem verkefnið er nú lögbundið verkefni safnsins. Við það bættust síðan framlag HÍ vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs, styrkur frá Netríkið Ísland, styrkur frá Alþingi vegna skönnunar landsmálablaða og sérstakt framlag vegna framkvæmda við glugga Þjóðarbókhöfundunar, þannig að heildartekjur safnsins voru 955 millj. kr. Laun hækkðu nokkuð vegna kjarasamninga og aðföng og þjónusta sem safnið kaupir hækkaði einnig. Nokkuð meiri starfsemi var á Akureyri en gert var ráð fyrir. Þá voru aukin útgjöld vegna kaupa á öryggishugbúnaðinum Websense sem er ætlað að tryggja öryggi kerfa og rafrænna gagna safnsins.

VERKEFNAÁÆTLANIR

Unnar voru verkefnaáætlanir fyrir hvert svið eins og venja er. Alls voru 244 verkefni á áætlun. Fylgst er með framvindu verkefna á hverjum ársfjórðungi og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við um 57% verkefna, en um 27% voru enn í vinnslu en á áætlun í árslok. Önnur verkefni voru ýmist ekki á áætlun, í bið eða hætt var við þau.

FRÆDSLÚÁÆTLANIR

Fræðsluáætlanir voru unnar fyrir veturna 2011-2012 og 2012-2013. Á árinu sinni starfsfólk safnsins fræðslunni að talsverðu leyti líkt og undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að haldin var kynning á fræðslukerfi Veranda þar sem unnt er að halda utan um formlega menntun og þekkingu starfsmanna, kynntar voru breytingar á Skemmunni, auk þess sem *leitir.is* og Google leitarvélir voru kynntar. Þá sögðu starfsmenn frá rannsóknarleyfum. Morgunkorn Upplýsingar voru haldin í af og til í safninu á árinu.

Þar að auki gerir safnið þá kröfu til margra starfsmanna að þeir haldi sér við í sínu fagi og kostar námskeið og fræðslu fyrir þá bæði innalands og utan. Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum og reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða lækkuðu starfshlutfalli, sérstaklega ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu.

NÁMSLEYFI

Í kjarasamningum 19 aðildarfélaganna BHM við ríkið sem undirritaðir voru í júní 2011 var samþykkt breyting á grein 10.1.1 um endurmenntun og framhaldsnám. Greinin hljóðar svo: *Starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun á rétt á leyfi til að stunda endurmenntun/framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar eða starfsmanns, sé hún til staðar.* Í framhaldi voru mótaðar reglur fyrir safnið um námsleyfi. Ein umsókn um námsleyfi barst haustið 2012 og var hún samþykkt og Guðmundur Ingi Guðmundsson sótti námskeiðið *Þekkingarmiðlun – MLIS*, við námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ á haustönn 2012.

RANNSÓKNARLEYFI

Þrjú starfsmenn fengu rannsóknarleyfi á árinu í einn mánuð hver. Halldóra Þorsteinsdóttir til að kynna sér nýjar samskiptaleiðir og nýjungar við rafræna miðlun efnis og fræðslu notenda. Ragna Steinarsdóttir til að skoða nafnmyndastjórnun í bókasafnskerfum og nýjar skráningarreglur RDA og með áherslu á birtingu gagna í leitarvélum eins og Primo eða *leitir.is*. Örn Hrafnkelsson til að heimsækja Þjóðbókasöfn sem standa framarlega í stafrænni endurgerð, miðlun á stafrænum gögnum og stefnumótunarvinnu þar að lútandi.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING, FUNDIR

Heimsókn í Benediktssafn

Þann 27. janúar komu 17 afkomendur Benedikts S. Þórarinssonar í heimsókn í Benediktssafn í tilefni af 150 ára afmæli hans og útkomu bæklinga um hann. Tekið var á móti þeim í fyrirlestrasal og Jökull Sævarsson flutti stutt myndskreytt erindi um Benedikt. Síðan var farið niður í safnið og það skoðað. Afkomendurnir voru á öllum aldri en tengdust aðallega bræðrunum Þórarni og John Benedikz, en þeir eru synir Eiríks Benedikz sem var sonur Benedikts.

Kynning á Oxford Art og Oxford Music Online

Mark Turner og Jennifer Brothwell frá Oxford University Press héldu kynningu 29. febr. á útgáfu og starfsemi OUP, kynntu helstu gagnasöfn og það sem er á döfinni hjá fyrirtækinu. Aðalefni kynningarinnar var sýnikennsla í leit í upplýsingagátunum Oxford Art Online og Oxford Music Online sem eru í Landsaðgangi. Einnig var boðið upp á kennslustund í tölvuveri um þessi gagnasöfn.

Fundur um efnisorð

Efnisorðaráð Gegnis hélt umræðu- og samráðsfund um efnisorð í fyrirlestrarsalnum 30. mars. Fundinum var ætlað að vera vettvangur efnisorðaráðs og starfsmanna aðildarsafna Gegnis um efnisorð og meðhöndlun þeirra. Þátttakendur gátu sent fyrirfram inn álitamál svo að efnisorðaráðið gæti undirbúið sig fyrir fundinn, en hann sóttu um 30 manns.

Fyrirlestur um njósnasögur

Jillene Bydder bókasafnsfræðingur frá Nýja-Sjálandi sem vann sem sjálfbóðaliði í safninu í apríl og maí bauð upp á fyrirlesturinn *Spy thrillers with Russian characters in the 1880s and 1890s* í fyrirlestrarsal þann 10. maí. Jillene hefur rannsakað breskar njósnasögur um árabíl og er með bók í smíðum um efnið. Um 30 manns sóttu fyrirlesturinn og sköpuðust nokkrar umræður í lokin.

Bókbandsnámskeið

Dagana 11.-12. maí var haldið námskeið í bókbandsstofu safnsins, í samvinnu við lðan - fræðslusetur. Kennari var Steven Andrew Hannah sérfræðingur í viðgerðum á bókbandi frá Bretlandi. Hann er mjög virtur á sínu sviði og heldur námskeið víða um heim. Fjórtán manns tóku þátt í námskeiðinu en farið var í viðgerðir á bókbandi og var aðallega um sýnikennslu að ræða. Rannver H. Hannesson, Stefán J. Sigurðsson, Hjörleifur Hjörtpórsson og Hrefna Ársælsdóttir tóku þátt af hálfu safnsins.

Málþing og erindi um Stefán Einarsson prófessor

Málþing um ævi og störf Stefáns Einarssonar prófessors við John Hopkins háskóla í Baltimore í Bandaríkjunum var haldið í fyrirlestrarsal 9. júní í tengslum við gestasýningu frá Breiðdalssetri um Stefán. Smári Ólason setti málþingið og rakti helstu æviatriði Stefáns. Vésteinn Ólason fjallaði um bókmenntarannsóknir Stefáns, Svavar Sigmundsson um málfræðistörf hans og örnefnasöfnun á Austurlandi og Smári lauk þinginu með því að fjalla um hljóðupptökur Stefáns úr Breiðdal.

Þann 21. okt. fjallaði Vésteinn Ólason svo um Stefán og bókmenntarannsóknir hans á rás 1 á RÚV. Þar kom m.a. fram að í kringum 1930 vann Stefán að ævisögu Halldórs Laxness. Þó svo að sú bók kæmi aldrei út notaði Stefán efni úr henni í fyrirlestra, greinar og kafla í yfirlitsritum auk þess sem efnið varð grunnur að þroskasögu Halldórs og notað í seinni tíma ritun á ævi hans. Stefán og Halldór skrifuðust á og eru bréfin varðveitt í handritasafni.

Heimsókn frá KB í Kaupmannahöfn

Þann 30. ágúst kom 15 manna hópur núverandi og fyrrverandi starfsmanna Konungsbókhöfðu í Kaup-

mannahöfn í heimsókn í safnið. Í forsvari var yfirmaður lestrarsals, Jarle Rui Aadna. Örn Hrafnkels-son tók á móti hópnum ásamt Guðrúnu Eggertsdóttur. Þau skoðuðu lestrarsalinn á 1. hæð, handritasafnið, sérsöfn og myndastofu. Talsvert var skipst á skoðunum um öryggismál og fyrirbyggjandi aðgerðir til að varðveita safnkostinn.

Málþing um Elías Mar

Reykjavík Bókmenntaborg Unesco stóð fyrir málþingi tileinkuðu *Vögguvísu* í fyrirlestrarsal 27. október í samstarfi við Lbs-Hbs, Bókmenntafræðistofnun HÍ, Lesstofuna og Reykjavíkur-Akademíuna. Á málþinginu sagði Þorsteinn Antonsson frá ævi Elíasar, Jón Karl Helgason ræddi um ungan, einstæðan höfund, Svavar Steinarr Guðmundsson fjallaði um bóhemlíf í Reykjavík um miðja öldina, Ásta K. Benediktsdóttir ræddi um karlmennsku-ævintýri Bambínós sem er aðalsöguhetjan í *Vögguvísu*, Tómas R. Einarsson fjallaði um tónlistina í bókinni og fyrirmyndir Bambínós og Sólveig Ólafsdóttir sýndi stafræna sögu um mat í *Vögguvísu*.

Heimsókn fyrrverandi forstöðumanna

Fyrrverandi forstöðumenn ríkisstofnana hittast reglulega og fara í kynnis- og fræðsluferðir. Þann 7. nóv. heimsóttu þau safnið og kynntu sér starfsemina. Farið var í tón- og myndsafn, Íslandssafn, handritasafn og stafræn endurgerð í myndastofu var útskýrð fyrir hópnum.

Heimsókn í Kvinnasögusafn

Í byrjun nóvember kom 13 manna hópur úr ráðuneytum mannréttindamála og jafnréttisstofnunum Bosníu Hersegóvínu til Íslands að kynna sér kynjaða fjárlagagerð. Sameinuðu þjóðirnar styðja Bosníumenn í uppbyggingarstarfinu sem fram fer í landinu eftir hörmungar styrjaldarinnar á 10. áratug síðustu aldar, og jafnrétti kynjanna vegur þungt í því starfi. Þann 7. nóv. kom hópurinn ásamt túlki í Þjóðarbókhöfðu og hlýddi á frásögn Auðar Styrkárstöttur, forstöðukonu Kvinnasögusafns, um sögu kvenréttindabaráttunnar og þróun jafnréttismála á Íslandi.

Málþing og sýning um Jón Árnason

Þann 24. nóvember var haldið málþing og opnuð sýning um Jón Árnason þjóðsagnasafnara og fyrsta landsbókavörðinn. Tilefnið var að 150 ár eru liðin frá því fyrra bindi af *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* var gefið út í Leipzig árið 1863. Námsbraut í þjóðfræði við HÍ stóð fyrir málþinginu sem haldið var í fyrirlestrarsalnum, en safnið stóð fyrir sýningunni. Samstarfsaðilar vegna sýningarhaldsins voru stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands.

Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundur skrásetjara var haldinn 30. nóvember og sóttu hann 50-60 manns víðsvegar af landinu. Á dagskrá voru erindi um vefslóðir sem eru ekki lengur virkar í Gegni og tenging vefslóða úr tímarit.is í færslur í Gegni, verkaskiptingu við greiniskráningu íslenskra tímarita, kynningu á samlagi um vef-Dewey og hugleiðingar um nafnmynda-skrá Gegnis.

Kynningar og stefnumótun á vegum Landskerfis bókasafna

Þann 4. des. bauð Landskerfi bókasafna upp á kynningu á bókasafnskerfinu *Alma* frá ExLibris í fyrirlestrarsalnum. Kristian Wallin og Alan Oliver frá ExLibris sögðu frá kerfinu en *Alma* verður arftaki *Aleph* og fleiri kerfa frá ExLibris í framtíðinni og byggir á nýjustu tækni og hugmyndum sérfræðinga um framtíðarþróun bókasafna. Síðar um daginn fengu starfsmenn Landskerfis og stjórn frekari kynningu, en sami hópur hefur einnig fengið kynningu á bókasafnskerfinu *Worldshare* frá OCLC. Hópurinn ræddi einnig þróun fyrirtækisins næstu ár og aðkomu annarra safnategunda en bókasafna að samstarfinu.

ÖRYGGISMÁL OG TÖLVUKERFI

Síðari hluta ársins var tekið í notkun öflugt umsjónarkerfi og öryggissía fyrir netkerfi safnsins frá Websense. Það hefur eftirlit með umferð um vefi safnsins og kemur í veg fyrir árásir, óværun og skemmdir frá öðrum vefsíðum. Kerfið greinir einnig gagnamagn, netumferð og netnotkun á kerfum safnsins. Þá reyna starfsmenn ennfremur að fylgjast með helstu nýjungum á þessu sviði.

Rannsókn á loftgæðum og örverum

Á síðasta ári var kannaður myglusveppagróður og örverur á ákveðnum svæðum í Þjóðarbobókhöð. Ráðist var í ýmsar framkvæmdir í safninu sem voru til mikilla bóta, en við nánari skoðun kom í ljós að flestir gluggar í húsinu voru í ólagi og frágangur á þeim var ekki eins og hann á að vera skv. teikningum og því var hætta á að mygla gæti myndast. Fjárveiting fékkst til að ráðast í hreinsun og breytingar á frágangi á öllum gluggum í húsinu. Að undangengnu útboði var hafist handa í byrjun árs 2012 og lauk verkinu um miðjan apríl.

ÚTGÁFA

Í tengslum við jólasýningu safnsins á teikningum Tryggva Magnússonar af íslensku jólasveinunum og í tilefni af 80 ára útgáfuafmælis bókarinnar *Jólin koma*, voru prentuð tvö jólakort, af Bjúgnakræki og af jólasveinunum á leið heim til sín eftir jólin. Alls eru þá 15 kort komin í seríuna, sveinarnir 13 og myndirnar sem sýna komu þeirra og brottför. Kortin hafa verið til sölu í safninu og í Þjóðminjasafni, Listasafni Reykjavíkur og Sjóðminjasafninu.

Stefnt er að því að útgáfan verði sem mest í raf-rænu formi. Bæklingar og kynningarefni er unnið í prentuðu formi, en flestir bæklingar eru aðgengilegir á vef safnsins á PDF-sniði, allar ársskýrslur safnsins frá 1994, sýningarskrár frá 2007 og *Árbók Landsbókasafns 1945-1994* er einnig aðgengileg á *tímarit.is*. Þá geta starfsmenn safnsins sett greinar í Skemmuna.

VEFMÆLINGAR

Haldið var utan um átján vefi á vegum safnsins á árinu. Modernus sá um talningu á flestum vefjum safnsins en fyrirtækið hefur framkvæmt mælingarnar frá 2004. Google Analytics var notað til að fylgjast með notkun fimm vefja, en aðferðirnar bjóða upp á ólíka kosti. Enn varð aukning á notkun vefjanna á árinu, en heildarfjöldi notenda var rúmlega 1.1 milljón, innlit voru 1.7 millj. og síðuflettingar um 10.7 millj. *Tímarit.is* er langvinsælasti vefurinn en *skemman.is* sækir verulega á og er í öðru sæti. Þá kemur aðalvefurinn og *hvar.is* en vefirnir *bækur.is* og *handrit.is* njóta einnig talsverðra vinsælda. Notkun þeirra mun væntanlega aukast í takt við aukið efni. Vefurinn *sagnanet.is* var tekinn niður í mars og lénið látið vísa á *handrit.is* og síðunni *openaccess.is* var einnig lokað þar sem aðilar utan safnsins settu upp svipaðan vef sem talinn var þjóna sama tilgangi.

Í VIKULOKIN

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir á alla starfsmenn, stjórn safnsins og starfsfólk bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 37 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

STARFSMANNAFUNDIR

Tveir almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu. Þann 25. maí fór landsbókavörður yfir starfsemi safnsins á síðasta ári og rætt var um skipti á gluggakörmum og loftgæði í húsinu. Fjármálastjóri fór yfir ársuppgjör fyrir 2011 og í lokin kynnti landsbókavörður hugmyndir um nýja stefnumótun. Seinni fundurinn var haldinn 13. desember og þá fór landsbókavörður yfir fjárhagsmál stofnunarinnar og gerði upp stefnu árána 2009-2012 *Þekkingarveita í allra þágu*. Starfsmannastjóri ræddi um jafnrétti og tölfræði en nú stendur yfir átak á vegum stjórnvalda um samræmda skráningu ýmiskonar upplýsinga í því skyni að geta kyngreint þær.

STARFSMANNAFÉLAGIÐ HLÖÐVER

Í stjórn 2011-2013 voru kosin: Auður Styrkarsdóttir, Bryndís Ísaksdóttir, Hjörleifur Hjörtþórsson, Ingibjörg Bergmundsdóttir, Rannver H. Hannesson og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu m.a. nýársfagnaði, vorferð í Ólafsdal, kjallarasöng, handavinnukvöldum, heimsókn í Sjóminjasafnið og tiltektar- og skreytingadag í desember.

MÖTUNEYTI

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2. hæð og sáu einnig um fundi og mót-tökur á vegum safnsins. Fyrirtækið sá einnig um mat í Tæknigarði.



Hluti af sýningunni *Maður orða* - Dr. Stefán Einarsson málvísindamaður.

SAMSKIPTI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMSTARFSSAMNINGUR OG SAMSTARFSNEFND

Núverandi samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2009. Í samstarfsnefnd voru af hálfu Háskóla Íslands Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísindasviðs og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri sem kom í stað Sigurðar J. Hafsteinssonar. Af hálfu safnsins sitja í samstarfsnefndinni Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Samstarfsnefndin fjallaði m.a. um skil í Skemmuna og reglur um skil, drög að stefnu HÍ um opinn aðgang að rannsóknarupplýsingum sem hefur verið í um-sagnarferli innan skólans, Berlínaryfirlýsinguna um opinn aðgang sem safnið undirritaði á árinu, auk þess sem rætt var um að herða reglur varðandi vanskil kennara HÍ við safnið.

HÁSKÓLAÞING

Háskólaþing kom tvisvar saman á árinu. Þann 18. apríl var fjallað um endurskoðuð viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands og gerð grein fyrir niðurstöðum viðhorfskannana meðal núverandi og fyrrverandi nemenda skólans. Þann 16. nóvember fjallaði háskólaþing um aukin tengsl HÍ við atvinnulífið en skv. stefnu skólans er lögð áhersla á að efla slík tengsl. Þá var einnig lögð fram skýrsla jafnréttisnefndar háskólaráðs og hún rædd.

SKEMMAN OG SKIL NÁMSRITGERÐA Á STAFRÆNU FORMI

Rekstur Skemmunnar gekk vel og er vefurinn meðal vinsælustu vefja safnsins og jókst notkun um 20% á milli ára. Háskólinn á Hólum undirritaði samstarfssamning um Skemmuna 12. desember 2011 og eru þá allir háskólarnir þátttakendur í samstarfinu. Þróun Skemmunnar er stjórnað af verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar allra samningsaðila. Talsvert var rætt á árinu hvaða efni eigi heima í Skemmuni og hvort ástæða sé til að gera breytingar. Einnig var rætt um uppfærslu á hugbúnaðinum til þess að safnið geti tekið við efni sem stenst kröfur Evrópusambandsins um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum. Áhersla er lögð á að efni í Skemmuni sé í opnum aðgangi.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Einn fundur var haldinn með hagsmunanefnd stúdenta. Í samráði við stúdentaráð er afgreiðslutími í prófum lengdur um nokkra klukkutíma.



Frá sýningunni *Vögguvísa* verður til, um tilurð bókarinnar *Vögguvísa* eftir Elías Mar.

INNLENT SAMSTARF

HÁSKÓLABÓKAVERÐIR

Háskólabókaverðir hittast reglulega og á árinu voru haldnir tveir fundir, í bókasafni Háskólans í Reykjavík og í bókasafni Listaháskóla Íslands. Meðal helstu mála sem rædd voru má nefna: OpenAIREplus Evrópuverkefnið, áhrif rafvæðingar á uppbyggingu safnkosts, Primo Central Index fyrir sérskriftir háskólanna, bX ábendingarþjónustuna, Turnitin ritstularforritið, gæðamál og leitarniðurstöður á *leitir.is*, kröfur Rannís um birtingu rannsóknaniðurstaðna í opnum aðgangi og mat á nýjum áskriftaleiðum í Landsaðgangi.

LANDSKERFI BÓKASAFNA

Starfsmenn safnsins taka mikinn þátt í vinnu við þróun og uppfærslur Gegnis, *gegnir.is* og *leitir.is* og sérfræðingar frá safninu sjá um og taka þátt í kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis bókasafna. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Á vegum Landskerfis starfa skráningarráð og efnisorðaráð. Fulltrúi safnsins í skráningarráði er Sigrún Jóna Marelsdóttir en Hildur Gunnlaugsdóttir gæðastjóri Gegnis situr einnig fundi ráðsins. Í efnisorðaráði situr Ragna Steinarsdóttir af hálfu safnsins. Safnið sér um alla efnisorðavinnu í Gegni.

Nýr hýsingarsamningur fyrir Gegni og Leitir

Í byrjun mars var undirritaður samningur milli Landskerfis bókasafna hf. og Þekkingar ehf. um hýsingu og rekstur Gegnis, *gegnir.is* og *leitir.is* til næstu fjögurra ára. Þekking átti hagstæðasta tilboðið í verkið í örútboði innan rammasamnings ríkisins. Kerfin voru flutt frá Nýherja til Þekkingar í byrjun apríl og tók flutningurinn tvo sólarhringa.

Efnisorð

Samráðsfundur um efnisorð var haldinn í fyrirlestrarsal safnsins 30. mars. Fundinum var ætlað að vera vettvangur efnisorðaráðs og starfsmanna aðildarsafna Gegnis um efnisorð og meðhöndlun þeirra. Fundurinn var umræðu- og samráðsfundur og þátttakendur sendu fyrirfram inn álitamál sem voru svo rædd á fundinum. Þá var Lykilskrá sem inniheldur samþykkt efnisorð opnuð á vef safnsins.

Gæðahópur

Gæðahópur Gegnis hélt áfram starfi sínu á árinu en markmiðið er að auka gæði bókfræðiupplýsinga í Gegni og stuðla að aukinni skilvirkni í leitum og skráningu. Í hópnum sitja Ragna Steinarsdóttir og

Hildur Gunnlaugsdóttir af hálfu safnsins. Hópurinn vann m.a. að endurlyklun bókfræðigrunns, nafnmyndastjórn, kerfiskeysrslum, tölfræði og efnisorðum.

HASK - Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsmenn safnsins sjá um, var uppfærð á árinu. Framsetningu efnis var allvíða breytt, texti samræmdur og aukið við dæmum. Meðal nýjunga eru nýr kafli um skráningu mismunandi efnistegunda, reglur um skráningu sýningarskráa, tenging við Lykilskrá sem hýsir staðfest efnisorð og mannanöfn og rafrænn aðgangur að skráningarreglum bókasafna frá 1988 og ISBD(M) frá 1992.

Leitir.is

Útgáfa 4.0 af Primo var tekin upp í nóvember en meðal nýjunga eru auknir möguleikar til að þrengja leitarskilyrði, flettileit og virkni farsímavefs eykst umtalsvert.

SFX krækjuckerfið

Nokkur háskólasöfn hafa notað SFX frá árinu 2009 en grunnupplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu auk upplýsinga um sérskriftir hvers skóla. SFX er krækjuckerfi sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu fylgja upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast það. SFX má einnig nota sem tímaralista og til að setja fram leitarniðurstöður, til dæmis í samleitarkerfi.

Primo central Index (PCI) og bX ábendingaþjónustan

Forsenda fyrir birtingu rafrænna áskrifta í *leitir.is* er að þær séu virkjaðar í Primo Central Index (PCI). Gengið var frá samningi Landskerfis við ExLibris um notkun á PCI og bX ábendingaþjónustu í árslok 2011. Efni Landsaðgangs var virkjað í október 2011 og aðgengilegt á *leitir.is* frá upphafi. Í byrjun árs voru áskriftirnar og tengingarnar yfirfarnar og að því loknu var hægt að leita í greinum í nær öllum áskriftum Landsaðgangs í sama viðmóttinu. Enn vantar þó um 30% af efni EBSCOhost og ProQuest og eitthvað af efni í gagnasöfnum. Birting þessa efnis veltur á samningum útgefenda og ExLibris. Ábendingaþjónustan bX frá ExLibris var virkjuð samhliða yfirferðinni, bæði á *leitir.is* og í SFX.

Seinni hluta ársins var unnið að því að fá inn sérskriftir háskólanna. Ljóst er að rafrænt efni verður stöðugt fyrirferðarmeira á bókasöfnum í framtíðinni og því var reynt að greina vel þau vandamál sem starfsmenn standa frammi fyrir og útbúinn

gátlisti yfir öll þau atriði sem þarf að sannreyna í tengslum við aðgang að rafrænu efni í *leitir.is*. Ljóst er að gæta þarf að gæðum lýsigagna við kaup á rafrænu efni í framtíðinni.

Rafrænum tenglum úr tímarit.is hlaðið í Gegni Á árinu fengu um 30 þúsund tímaritsgreinar í Gegni rafrænan tengil í heildartexta á tímarit.is. Þetta var gert með vélvirkri hleðslu eftir samanburð og pörun á grundvelli skráningarupplýsinga úr gagnagrúnnunum tveimur, Gegni og tímarit.is. Viðbótum verður síðan hlaðið inn jafnharðan samkvæmt sama verkferli. Verkefnið er unnið í samstarfi Lbs-Hbs og Landskerfis bókasafna. Safnið lagði til skrá með pörun á færslunúmerum úr Gegni og vefslóðir úr tímarit.is. Landskerfi bókasafna hlóð síðan vefslóðunum inn í Gagnisfærslurnar. Nú hafa alls um 50 þúsund færslur í Gegni rafrænan aðgang að heildartexta.

ALEFLI, NOTENDAFÉLAG GEGNIS

Formi Aleflis og lögum félagsins var breytt á árinu og byggist ekki lengur á stjórnunareiningum, heldur safnategundum. Undirheiti félagsins var einnig breytt og er það nú: samstarfsvettvangur þeirra safna sem njóta þjónustu Landskerfis bókasafna. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í fulltrúaráði Aleflis fyrir hönd safnsins. Alefli hélt notendaráðstefnu í fyrirlestrasal 27. apríl. Þar fjallaði Ragna Björk Kristjánsdóttir um leitir.is, Ragna Steinarsdóttir fjallaði um framtíð nafnmyndastjórnunar, Rósa S. Jónsdóttir fjallaði um bókasafn Orkustofnunar í rafrænum heimi og Ásdís H. Hafstað kynnti lagabreytingar og ræddi framtíð félagsins.

SAMLAG UM ÁSKRIFT AÐ VEF-DEWEY

Gerður var samningur við OCLC um samlagsáskrift á landsvísu að WebDewey, sem er vefútgáfa Dewey flokkunarkerfisins. Safnið heldur utan um áskriftina og úthlutar aðgangsorðum. Upphaflega tóku fimm söfn utan Lbs-Hbs þátt, en í árslok voru þau orðin ellefu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslu kerfisins, þannig að samlagið er mikilvægt skref í samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi.

UPPLÝSING – FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

Reglulegir fræðslufundir Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, undir heitinu Morgunkorn voru haldnir öðru hvoru í fyrirlestrasal. Tveir starfsmenn safnsins, þær Halldóra Þorsteinsdóttir og Ragna Steinarsdóttir voru með erindi á ráð-

stefnunni *Rafbækur og bókasöfn* sem Upplýsing hélt 5. mars á Grand Hótel. Nokkrir starfsmenn safnsins gegna ábyrgðarstöðum fyrir félagið og greinar eftir starfsmenn birtast í tímaritinu *Bókasafnið*.

BÓKASAFNSDAGURINN

Bókasafnsdagurinn var haldinn 17. apríl og tókst vel. Í bókasöfnum landsins var mikið um að vera og fjallað var um starfsemi þeirra í fjölmörgum. Dagurinn byrjaði á því að Upplýsing hélt morgunkorn sem var helgað lestri og bar yfirskriftina lestur er bestur. Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur fjallaði um yndislestur og Almar Halldórsson frá Námsmatsstofnun fjallaði um PISA könnunina í lestri. Í Lbs-Hbs voru sýndar þær tvær kvikmyndir sem gerðar hafa verið um safnið, frá 1968 og 1990. Þá var boðið upp á upplestur á ýmsu efni úr tón- og myndsafni og Stefanía Arnórsdóttir gladdi augu og eyru gesta með ljóðalestri. Að lokum var öllum starfsmönnum boðið í kaffi í matsal. Þá var ný stuttmynd um lestur gerð aðgengileg á vef Upplýsingar.

NÁMSBRAUT Í BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐI

Í upphafi árs var haldið námskeið um hlutverk, starfsemi og þjónustu safnsins fyrir nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ. Nemendur voru um 30, bæði á BA-stigi og á meistarastigi MLIS. Kennt var í fyrirlestrasalnum og kennarar voru sviðsstjórar auk nokkurra annarra starfsmanna. Nemendur fengu kynningu á starfseminni og fóru í skoðunarferðir um safnið, Námskeiðinu lauk með skilum á hópverkefnum. Námskeiðið er haldið annað hvert ár en hitt árið er svipað námskeið haldið í Borgarbókasafni.

LANDSNEFND UM MINNI HEIMSINS

Í nóvember skipaði mennta- og menningarmálaráðherra landsnefnd um Minni heimsins til þriggja ára. Nefndin hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og auka skilning á margvíslegum verðmætum sem felast í andlegum menningararfi heimsins. Nefndin skal velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og síðar senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Formaður nefndarinnar er Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og aðrir í nefndinni eru Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Bjarki Sveinbjörnsson forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands

GRUNNSÝNING UM ÍSLENSKA LISTA- OG MENNINGARSÖGU Í SAFNAHÚSINU

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði ennfremur í nóvember verkefnisstjórn fyrir grunnsýningu um íslenska lista- og menningarsögu í Þjóðmenningarhúsinu. Húsið flyst undir forræði Þjóðminjasafnsins 1. júní 2013 og verður sýningin sett upp undir forystu þess. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórn vinni tillögur um grunnsýninguna, inntak hennar og gerð, tíma- og kostnaðaráætlun og vera innan handar um öflun sýningargripa. Gert er ráð fyrir að sýningin opni 2014. Formaður verkefnisstjórnar er Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður og aðrir í nefndinni eru Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, Halldór Björn Runólfsson forstöðumaður Listasafns Íslands, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Eiríkur G. Guðmundsson Þjóðskjalvörður.

HANDBÓK UM VARÐVEISLU SAFNKOSTS

Lbs-Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands. Bókin er eingöngu gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafnsins og 1. útg. kom út í árslok 2011.

Handbókin er ætluð öllum sem starfa við varðveislu menningararfsins. Við undirbúning var vönduð og ítarleg bandarísk handbók höfð til hliðsjónar, *National Park Service Museum Handbook*. Kaflar úr henni voru nýttir sem fyrirmynd að íslensku handbókinni, en forverðir og sérfræðingar á ýmsum sviðum hafa þýtt og staðfært textann með íslenskar aðstæður í huga. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í þessu samstarfi af hálfu safnsins.

NÁMSKEIÐ UM VIÐBRÖGÐ VIÐ MEINDÝRUM OG MYGLU Á SÖFNUM

Lbs-Hbs, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands áttu einnig samstarf um námskeið um viðbrögð við meindýrum og myglu á söfnum. Samningur var undirritaður í júlí en námskeiðið var haldið 2. nóvember og sóttu það nokkrir starfsmenn safnsins.



Frá sýningunni *Forsetaframboð 1952-2004*.

ERLENT SAMSTARF

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast reglulega og hafa með sér óformlegt samráð. Á síðasta ári tók einnig þátt yfirmaður Stadsbiblioteket í Árósum, en safnið hefur hlutverk sem þjóðbókasafn. Einungis einn fundur var haldinn, í Mo i Rana í Noregi, dagana 30. og 31. maí. Þar var rætt um stafræna endurgerð norrænna vísindatímarita á vegum Nordbib-verkefnisins, kynnt voru stefnumótun og áform um stafræna endurgerð í hverju landi, samræmingarverkefni sem þjóðbókasöfnin standa fyrir hverju landi og rætt var um nýlegan fund norrænna mennta- og menningarmálaráðherra, þar sem m.a. var fjallað um möguleika á gerð samnorræns samnings á sviði höfundaréttar, um leyfi til dreifingar stafræns efnis á milli Norðurlandanna.

NORDBIB

Nordbib er fjármögnunarverkefni á vegum Nordforsk og Norrænu ráðherranefndarinnar sem hófst 2006. Upphaflega stóð til að því lyki 2010 en fjármagn fékkst til að halda því áfram til 2012. Markmiðið var að móta sameiginlega norræna afstöðu til opins aðgangs að rannsóknarupplýsingum og dreifingu þeirra (Open Access – OA). Verkefninu var stýrt af NORON hópnum, en auk þess starfaði verkefnishópur sem í sátu fimm norrænir fulltrúar og var Áslaug Agnarsdóttir fulltrúi Íslands. Framkvæmdastjóri var Mikkel Christoffersen. Öllum verkefnum lauk á árinu nema stafrænni endurgerð norrænna vísindatímarita, en unnið er að því í samstarfi norrænu þjóðbókasafnanna. Nordbib lauk formlega með viðamikilli ráðstefnu í Kaupmannahöfn 11.-13. júní undir heitinu *Structural Frameworks for Open, Digital Research - Strategy, Policy & Infrastructure*. Af hálfu Íslands sóttu ráðstefnuna Áslaug Agnarsdóttir og Sólveig Þorsteinsdóttir frá bókasafni Landspítala – Háskólasjúkrahúss.

CENL – CONFERENCE OF EUROPEAN NATIONAL LIBRARIANS

26. ársþing samtaka evrópskra þjóðbókavarda CENL var haldið í Lichtenstein dagana 1.-2. október. Á dagskrá þingsins, sem jafnframt er aðalfundur, var fjallað um rekstur Evrópubókasafnsins TEL og framtíð þess, opnun skráningarfærslna eða lýsigagna frá þjóðbókasöfnum í Europeana undir Creative Commons Zero leyfi (CC0), samstarf um stafræna endurgerð, höfundaréttarmál, varð

veislu rannsóknargagna (Big Data), og einnig var kynnt starfsemi FAIFE sem er nefnd á vegum IFLA um tjáningarfrelsi og frelsi til aðgangs að upplýsingum.

EVROPUVERKEFNI

Safnið tók þátt í Evrópuverkefnum sem rekin eru á vegum eða í tengslum við CENL.

Evrópubókasafnið - TEL

Safnið er fullgildur aðili að Evrópubókasafninu (The European Library - TEL) síðan 2007 en CENL rekur verkefnið. Evrópubókasafnið býður upp á samleit á vefnum www.theeuropeanlibrary.org að gögnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum og á árinu bættust við nokkur stór rannsókn- og háskólabókasöfn. Það er í takt við breytta stefnu, en ætlunin er að TEL safni saman stafrænu efni og lýsigögnum frá bókasöfnum og miðli áfram til Europeana. Hluti vefjarins hefur verið þýddur á 35 tungumál, þar á meðal íslensku en þýðingin var unnin í Lbs-Hbs. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og síðan Europeana. Áfram var unnið að breytingum á skipulagi og stjórnkerfi Evrópubókasafnsins og Europeana á árinu í því skyni að gera reksturinn sjálfbæran, en verkefnið hafa að mestu verið rekin af styrkjum frá Evrópusambandinu og framlögum frá þjóðbókasöfnum.

Europeana

Europeana, sem er fjölmeningargátt á vefnum www.europeana.eu, veitir aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni evrópskra bókasafna, skjalasafna og minjasafna. Frumgerð Europeana var opnuð í janúar 2009 og hluti vefjarins hefur verið þýddur á 29 tungumál, þ.á.m. á íslensku. Þýðingin var unnin í Lbs-Hbs. Rekstur Europeana hefur verið aðskilinn frá Evrópubókasafninu og er nú stýrt af Europeana Foundation. Um 1500 stofnanir í Evrópu eiga efni í Europeana og er Europeana Network n.k. notendafélag eða samstarfsvettvangur þeirra, auk þess að eiga fulltrúa í stjórn Europeana Foundation. Safnið er aðili að samstarfsnetinu. Í september var tilkynnt að Europeana hefði opnað til frjálsra afnota hluta gagnasafna sinna, en þau innihalda lýsigögn fyrir meir en 20 milljónir stafrænna eininga úr menningargeiranum. Lýsigögnin verða öllum aðgengileg undir Creative Commons Zero (CC0) leyfinu, en þá má nota þau í hvaða tilgangi sem er og án nokkurra hindrana.

Reading Europe – Top 100 books

Safnið lauk við að senda inn efni í verkefnið „100 helstu bækur“ á vegum TEL. Tuttugu og þrjú þjóðbókasöfn í Evrópu völdu mikilvægar og áhuga-verðar bækur og handrit, til að gefa mynd af útgáfu hvers lands. Gerðar voru stafrænar endurgerðir af efninu, bókfræðifærslur og lýsigögn og um ellefu hundruð verk hafa verið birt á síðu TEL og einnig í Europeana. Sendar voru 62 færslur og stafrænar endurgerðir frá Lbs-Hbs.

Medievo Europeo COST

Safnið hélt áfram þátttöku í verkefninu *Medievo Europeo - Medieval Cultures and Technological Resources* sem er hluti af COST verkefni Evrópusambandsins. Stofnun Árna Magnússonar og Árnasafn í Kaupmannahöfn taka einnig þátt. Tilgangurinn er að byggja upp samstarfsnet evrópskra safna og stofnana sem varðveita handrit og skjöl fyrir alda. Safnið sendi upplýsingar um sín verkefni í sameiginlega gagnagrunn. Tveir fundir hafa verið haldnir. Hinn fyrri var í Heidelberg í nóvember 2011 og hinn síðari í Santiago de Compostela í nóvember 2012 og sótti Örn Hrafnkelsson þá báða.

IFLA-ÞING Í HELSINKI

78. IFLA-þingið var haldið í Helsinki í Finnlandi dagana 11.-17. ágúst undir yfirkriftinni *Libraries now! – inspiring... surprising ... empowering*. Mikið framboð var af áhugaverðum fyrirlestrum um nýjungar og það sem er að gerast í bókasöfnum um allan heim og öll aðstaða var til mikillar fyrirmyndar. Tíu Íslendingar sóttu þingið og þar á meðal landsbókavörður.

CDNL – CONFERENCE OF DIRECTORS OF NATIONAL LIBRARIES

Árlegur fundur alþjóðasamtaka landsbókavara var haldinn í tengslum við við þing IFLA. Meðal umræðuefna voru skylduskil á rafrænu efni, stjórnun þjóðbókasafna, endurheimt gagna í Egyptalandi eftir átök innanlands, auk þess sem kynnt voru áform Finna um stafrænt þjóðbókasafn.

IIPC – INTERNATIONAL INTERNET PRESERVATION CONSORTIUM

Safnið er þátttakandi í IIPC en samtökin hafa það markmið að skilgreina hvað þarf til að varðveita vefsíður einstakra landa þannig að vitrænt og menningarlegt innihald Vefsins fari ekki forgörðum. Kristinn Sigurðsson situr í stjórn samtakanna af hálfu safnsins. Jafnframt tekur safnið þátt í starfi vinnuhóps um söfnun vefsíðna (Harvesting

Working Group). Nú eru um 40 söfn aðilar að samtökunum.

ALÞJÓÐLEGUR SUMARSKÓLI Í HANDRITA-FRÆÐUM

Árlegur sumarskóli í handritafræðum (International Summer School in Manuscript Studies), á vegum Árnasafns í Kaupmannahöfn, Stofnunar Árna Magnússonar, Lbs-Hbs og fleiri stofnana var haldinn í Kbh. 15.-23. ágúst. Í ár voru 47 nemendur frá 17 löndum, kennarar voru 15 að doktorsnemum meðtöldum en ótöldum gestafyrirlesurum. Frá safninu var Sigríður Hjördís Jörundsdóttir í hópi nemenda á öðru ári. Handrit frá Lbs-Hbs með sögunni af Pólostator eða Pólenstator frækna voru notuð við kennsluna. Vefurinn *handrit.is* kom að góðu gagni en handritin voru mynduð vegna sumarskólans og sett inn.

STORIES FOR ALL TIME: THE ICELANDIC FORNALDARSÖGUR

Gerður var samningur við Árnasafn í Kaupmannahöfn um verkefnið *Stories for all time: The Icelandic fornaldarsögur*. Tilgangur þess er að stuðla að ítarlegri skráningu, lýsingu og myndun á handritum er hafa að geyma íslenskar fornaldarsögur, og sem varðveitt eru í safninu. Hlutur Lbs-Hbs felst í að undirbúa handrit til myndunar og skráningar og miðla efninu á netið en Árnasafn sér um skráningu og lýsingu. Um er að ræða 94 handrit.

ÍSLENSK TÍÐNIORÐABÓK

Um mitt ár kom út *Íslensk tíðniorðabók* hjá Leipziger Universitätsverlag. Hún er hluti af ritröðinni *Frequency Dictionaries* en markmiðið með orðabókunum er að veita upplýsingar um tíðni orðmynda í rituðu nútímamáli. Orðabækurnar eru byggðar á umfangsmiklum textasöfnum með aðferðum sem þróaðar hafa verið í tungutækni-verkefninu Leipzig Corpora Collection. Textasafnið sem notað var við gerð íslensku tíðniorðabókarinnar er að mestu samsett úr tveim vefsíðusöfnum Lbs-Hbs með textum frá íslenskum lénum, einum árgangi af *Morgunblaðinu* og íslensku útgáfunni af *Wikipedia*. Tengiliður við safnið var Erla Hallsteinsdóttir prófessor við Syddansk Universitet en Kristinn Sigurðsson sá um að afhenda efnið úr vefsafninu.


SAMNINGAR

15.12.2011	Samningur við Minjaverndarsjóð knattspyrnudeildar Ungmennafélags Selfoss um stafræna endurgerð tímaritanna <i>Bragi</i> og <i>Tuðran</i> og fleira efni 1964-2011.
03.01.2012	Samkomulag við Leonardo Office Brandenburg um starfsþjálfun og nemaskipti.
16.01.2012	Verksamningur við Framkvæmdasýslu ríkisins um gluggaviðgerðir, verktaki trésmiðjan Akur.
27.01.2012	Samningur við OCLC um samlagsáskrift að WebDewey á landsvísu.
03.02.2012	Samningur við Sögufélagið um stafræna endurgerð tímaritsins <i>Saga</i> 1949-2006.
08.02.2012	Þjónustusamningur við Heilsuvernd ehf um ráðgjöf og þjónustu á sviði trúnaðarlækninga, vinnuverndar og forvarnarstarfs.
29.02.2012	Samningur við Sögufélagið um stafræna endurgerð tímaritsins <i>Ný saga</i> 1987-2001.
15.03.2012	Samningur um sameiningu Miðstöðvar munnlegrar sögu við Landsbókasafn Íslands – Háskóla-bókasafn.
28.03.2012	Samningur við Veðurstofu Íslands um stafræna endurgerð af veðurfarsblöðum 1920-1960.
18.04.2012	Samningur við Skýrr um kaup á viðverkerfi (Veranda / S5 Starfsfólk).
02.05.2012	Þjónustusamningur við Kjaran ehf um ljósritunarvél Konica Minolta.
02.05.2012	Samningur um að Lbs-Hbs afhendi öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands gamlar tölvur sem ekki eru lengur í notkun.
06.07.2012	Samstarfssamningur Þjóðminjasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands og Lbs-Hbs um námskeið um viðbrögð við meindýrum og myglu á söfnum.
28.08.2012	Tækjaleigusamningur við Advania vegna endurnýjunar notendatölva og annars búnaðar.
31.08.2012	Samningur við Ungmennafélag Biskupstungna um stafræna endurgerð tímaritsins <i>Litli-Bergþór</i> .
12.09.2012	Berlínaryfirlýsingin um opinn aðgang að rannsóknarupplýsingum undirrituð.
14.09.2012	Samningur við Ættfræðifélag Íslands um stafræna endurgerð <i>Fréttabréfs Ættfræðifélagsins 1983-2012</i> .
03.10.2012	Samningur við Íslenska málfræðifélagið um stafræna endurgerð tímaritsins <i>Íslenskt mál og almenn málfræði</i> 1979-2012.
04.10.2012	Samningur við Félag áhugamanna um heimspeki um stafræna endurgerð tímaritsins <i>Hugur</i> 1988-2011.
06.11.2012	Samningur við Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn um verkefnið <i>Stories for all time: The Icelandic fornaldarsögur</i> , skráning og stafræn endurgerð.
15.11.2012	Samningur við Hið íslenska Þjóðvinafélag um stafræna endurgerð tímaritsins <i>Andvari</i> 1874-2011.
17.12.2012	Samningur við International ISMN Agency um úthlutun alþjóðlegra staðalnúmera fyrir prentað tónlistarefni og nótur - International Standard Music Number (ISMN).

Samningaviðræður fyrir Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum vegna tímabilsins 2013 – 2015 hófust um mitt sumar. Í árslok stóðu var staða samninga þannig:

- Encyclopedia Britannica – samið til þriggja ára 2012-2014
- Greinasafn Morgunblaðsins – unnið er að gerð samnings
- Oxford Art and Music Online – samið til þriggja ára 2013-2015
- Web of Science – samið til þriggja ára 2013-2015 ásamt landsaðgangi að Journal Citation Reports
- EBSCOhost – endurnýjaður samningur til eins árs 2013
- ProQuest – endurnýjaður samningur til eins árs 2013
- Science Direct – Elsevier – samið til fimm ára 2013-2017
- Karger Online – endurnýjaður samningur til eins árs 2013
- Sage Premier – endurnýjaður samningur til eins árs 2013 og samningaviðræðum haldið áfram á árinu vegna 2014 og 2015
- SpringerLink – samið til þriggja ára 2013-2015 og þar á meðal um rafbækur í landsaðgangi
- Wiley (Blackwell-Synergy) – samið til þriggja ára 2012-2015

SKIPURIT



Skipurit 1. apríl 2012.



Gestur á sýngunni Thorbjörn Egner í 100 ár.

REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, auk samninga um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok var fjöldi starfsfólks 14 og ársverk voru 13.05. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

FJÁRMÁL – SKRIFSTOFUHALD

Endanlegur rekstrar- og efnahagsreikningur safnsins árið 2012 liggur ekki fyrir, en staðan við loka-gerð ársskýrslunnar er birt í árstölum safnsins á bls. 42 og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá einnig bls. 7). Bráðabirgðaniðurstöður gera ráð fyrir 9.3 millj. kr. halla, en gert var ráð fyrir 15 millj. kr. halla í rekstraráætlun. Afkoman er því betri en reiknað var með og er það ekki síst að þakka aðhaldi í rekstri.

Skjalastjórn

GoPro skjalastjórnarkerfið hefur verið í notkun síðan 2007 og hefur verið hýst hjá kerfisveitu Hugvits frá 2011. Nú hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net, sem er í útgáfu 2.3.0.0. Alls voru stofnuð 218 (206) mál í GoPro árið 2012. Unnið var að frágangi eldri skjala í geymslu. Þrír File-Maker gagnagrunnar frá Þjóðskjalafni eru notaðir fyrir geymsluskráningu, einn fyrir Landsbókasafn Íslands, einn fyrir Háskólabókasafn og einn fyrir sameinað safn frá 1994.

HÚSSTJÓRN

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur þjóðarbókhöðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Hússtjórn hefur umsjón með ljósritunarvélum og prenturum ásamt ljósritun fyrir gesti og starfsmenn. Starfsmenn eru fjórir.

Framkvæmdir

Í janúar hóf trésmiðjan Akur viðgerð á gluggakörnum. Allir karmar á fyrstu, þriðju og fjórðu hæð voru teknir úr, farið með þá á verkstæði og þeir hreinsaðir og spónlagðir upp á nýtt. Framkvæmdasýslu ríkisins var falið að sjá um útboð í des. 2011 og var Akur með hagstæðasta verðið. Verkið gekk mjög vel og var því lokið eins og samningur kvað á um í maí.

Skipt var um tvær rúður á þriðju hæð til prufu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á næsta ári. Nokkuð er um rúður sem eru með móðu á milli glerja og hefur verið ákveðið að skipta um þær

næsta sumar. Handrið í anddyri og göngubrú voru þússuð upp og lökkuð. Öll áklæði á hægindastólum voru tekin af og send í hreinsun. Púlti í fyrirlestrasal var breytt og í það sett tölva og skjár. Settar voru upp tvær granitborðplötur í veitingastofu fyrir kaffi og súpuborð og borðum og stólum í nestisaðstöðu var fjölgað. Loftræsihluti hússtjórnakerfis var upp-færður og haldið var áfram við að yfirfara EMC stýrivélar. Í loftræsikerfi 5, fyrir anddyri, var skipt um útblásara. Gluggar í stigahúsi 3 voru yfirfarnir og þéttir. Skipt var um teppaflísar innan við inn-gang á 4. hæðina. Veggir og gólf í loftræsirými var málað, einnig gólf í sprinkler-rými.

Gerð var málningarprufa á einum álskildi hússins, en komið er að viðhaldi á álkápunni. Jón Bjarnason verkfræðingur hjá Málningu hf gaf ráðleggingar um val á efni. Málningarþjónustan Múr og Mál sem málað hefur húsið í tvígang gerði prufu á einni einingu á norðurhlíð 3. hæðar. Árangur verksins verður síðan metinn næsta sumar og ákveðið um framhaldið. Bætt var við einum hjólstandi fyrir starfsmenn við vörumóttökuna við Birkimel. Sett var ný stétt undir og stéttin undir standinum sem var fyrir var endurnýjuð.

Prif

Prifin voru með sama hætti og undanfarin ár og skipt við fyrirtæki ISS hf.

Ýmislegt

Þann 3. janúar fyrsta vinnudag ársins fór fram hefðbundin prófun á öryggisbúnaði hússins. Tveir starfsmenn hússtjórnar hættu störfum vegna aldurs og voru tveir ráðnir í þeirra stað.

Geymslusafn í Mjódd




Engar framkvæmdir voru í Mjódd á árinu.

Varaeintakasafn í Reykholti

Rekstur hússins hefur gengið ágætlega á árinu utan þess að leki kom frá þaki. Beiðni var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úrbætur. Þá var ýtt á eftir Orkuveitu Reykjavíkur varðandi borun eftir köldu vatni í Reykholtssdal.

STARFSMANNAPJÓNUSTA

Starfsmannaþjónusta heldur utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki, s.s. launavinnslu, ráðningar og fræðslu. Í árslok störfuðu 80 starfsmenn hjá Landsbókasafni í 69,38 ársverkum. Sautján starfsmenn hættu störfum á árinu: átta námsmenn á tímabundnum ráðningarsamningum, fimm vegna aldurs og fjórir hættu störfum vegna annarra ástæðna. Eiginleg starfsmannavelta árið 2011 var 5%. Níu starfsmenn voru ráðnir til starfa á árinu 2012, þar af 4 námsmenn.




Jafnréttissjónarmiða er gætt í öllu innra starfi safnsins. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflum fer kynjahlutfall starfsmanna batnandi.

Fræðsla

Tíu atburðir voru á fræðsludagskrá árið 2012, 7 á vorönn og 3 á haustönn. Um 24 starfsmenn sækja fræðsluviðburði að meðaltali, eða 30%.

Fjórir starfsmenn sögðu frá rannsóknarleyfum sem þeir tóku á árinu 2011; Þórný Hlynsdóttir, Áslaug Agnarsdóttir, Kristinn Sigurðsson og Sigurður Örn Guðbjörnsson. Áslaug kynnti einnig Skemmuna og virkni hennar á fræðslufundi. Samtökin Hjólafærni héldu fyrirlestur um ágæti hjólreiða sem fararmáta til og frá vinnu í Lífshlaupsmánuðinum febrúar.

Nathalie Jacqueminet forvörður á Þjóðminjasafni kynnti *Handbók um varðveislu safnkosts* en verkefnið hefur verið unnið í samstarfi Þjóðminjasafns Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Lbs-Hbs. Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun hélt námskeið í september fyrir fólk í framlínustörfum sem bar heitið „Að eiga við sorg, reiði og þirring viðskiptavina.“ Berglind Bára Sigurjónsdóttir lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis hélt erindið „Að starfa hjá hinu opinbera“ og fór yfir þau lög og reglur sem gilda um stofnunina, starfsmennina og þau verkefni sem safnið sinnir, út frá reglum stjórnsýsluréttar. Sveina B. Jónsdóttir sálfræðingur fjallaði um þunglyndi og mikilvægi geðræktar í lok nóvember.



TÖLVUREKSTUR

Hlutverk tölvureksturs er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Diskarými stóð í stað frá 2011 og er heildar geymslurými safnsins fyrir stafræn gögn enn tæp 100 terabæt, þar af um helmingur hjá fyrirtækinu Advania.

Samið var við Opin kerfi um útskipti á gestatölvum safnsins, um 70 talsins og ný lausn, HP/Microsoft Multipoint Server, var tekin í notkun. Kerfið var prófað í 8 mánuði eða til ársloka þegar ákveðið var að innleiða lausnina ekki á 3. og 4. hæð, vegna óstöðugleika. Lausnin hentar hins vegar vel í s.k. KIOSK umhverfi safnsins, þar sem notendur fletta í leitir.is, fara á Internetið eða prenta út.

Tölvur hússtjórnar, myndastofu, Miðstöðvar munnlegrar sögu, sýningarhalds, upplýsingatæknihóps og tölvureksturs voru uppfærðar í nýjar og öflugar Dell Precision vélar og nokkrir starfsmenn fengu afnot af iPad spjaldtölvum. Þá voru heimasvæði starfsmanna gerð aðgengileg í gegnum vefviðmót.

Skipt var um netþjón sem sér um myndvinnsluna á Amtsbókasafninu á Akureyri vegna bilunar. Aðalvefþjónn safnsins var fluttur á nýja vél og svokallaður skrifþjónn sem sér um uppfærslur fyrir vefþjóninn var uppfærður og keyra nú báðir sömu útgáfur stýrikerfa og vefkerfa.

Netþjónn sem heldur utan um gagnageymslurnar var fluttur úr sýndarumhverfi yfir í hefbundinn þjón. Áfram var unnið með sýndarþjónustur og áætlað er að koma flestum þjónustum í sýndarumhverfi í framtíðinni.

Öryggissían Websense fyrir netkerfi safnsins var tekin í notkun en hún hefur eftirlit með umferð um vefina og hindrar árásir og skemmdir frá öðrum vefsíðum. Kerfið greinir einnig gagnamagn, netumferð og notkun á kerfum safnsins.

Rekstur hjálparborðs var óvenju fyrirferðamikill en alls urðu til 594 verkbeiðnir.

UPPLÝSINGATÆKNI OG VEFSTJÓRN

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefni eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, einkum þjóðbókasöfn Norðurlanda. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu. Sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Vefsöfnun

Vefsafnanir voru með reglubundnum hætti á árinu, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Yfir 40 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 95 milljónir skjala í hverri söfnun. Það er heldur meira magn en árið 2011. Vikulegum söfnunum á sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Vefirnir voru valdir af starfsmönnum skylduskila m.t.t. þess að um sé að ræða efni sem skiptir máli í þjóðmálaumræðu og að þeir séu uppfærðir ört. Var listinn endurskoðaður nokkuð og jókst umfang söfnunarinnar miðað við 2010. Þá var einnig gerð ein atburðasöfnun tengd forsetakosningunum. Gekk söfnunin vel en söfnunarlotur voru alls 7. Starfsmenn skylduskila leituðu að þeim vefjum sem

fjölluðu um kosningarnar og var þeim síðan safnað reglulega.

Tímarit.is

Notkun á vefnum *tímarit.is* hefur haldist nokkuð jöfn árið 2012 eftir gríðarlega aukningu í nokkur ár. Á árinu voru tengingar vefsins við greinaskráningu í Gegni teknar í gegn og hefur fjöldi greina sem skráðar eru á *tímarit.is* og eru tengdar við Gegni aukist um nærri þriðjung. Þá er ráðgert að gera vefinn aðgengilegri úr spjaldtölvum og snjallsímum á árinu 2013.

Rafhlaðan.is

Rafhlaðan.is er rafrænt gagnasafn og þar er einkum varðveitt skylduskilaefni sem verður til stafrænt. Þar má nefna skýrslur og greinargerðir stofnana, ráðuneyta og fyrirtækja og meginhlutinn er á PDF formi. Byggir vefurinn á DSpace hugbúnaði en hann hefur verið lagaður að þörfum safnsins.

Skemman.is

Skemman.is er sameiginleg geymsla háskólanna fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarrit kennara. Rekstur Skemmunnar var með eðlilegum hætti árið 2012 og voru engar stórar breytingar gerðar á vefnum. Nokkur umræða var um kröfur Evrópusambandsins um að rannsóknir styrktar af því séu birtar í opnum aðgangi og í geymslusófnum sem standast kröfur sambandsins um aðgengi.

Handrit.is – Sagnanetið

Sagnanetið geymdi stafræna endurgerð ýmissa handrita en verkefnið átti sér langa sögu þar sem vinna við það hófst 1996. Ljóst hafði verið í nokkurn tíma að sú tækni sem notuð var við gerð Sagnanetsins var úr sér gengin og að nauðsynlegt væri að uppfæra kerfið. Nýr vefur, *handrit.is* var þróaður m.a. til að leysa Sagnanetið af hólmi og var hann opnaður formlega í apríl 2010. Hefur *handrit.is* nú náð að festa sig rækilega í sessi og var Sagnanets vefnum lokað 15. mars 2012 og heim sóknum á það lén vísað yfir á *handrit.is*.

Bækur.is

Á *bækur.is* er hægt að nálgast stafrænar endurgerðir af íslenskum bókum. Enn er aðallega um að ræða efni frá því fyrir 1900. Hafa ýmsar endurbætur voru unnar á vefnum og á árinu var opnað spjaldtölvu og farsíma snið fyrir hann.

Íslandskort.is

Kortavefur safnsins á sér langa sögu en hefur verið vanræktur undanfarin ár. Á því varð róttæk breyting 1. desember, þegar nýr og mikið endurbættur vefur opnaði. Bæði var um að ræða heildarendurgerð á tækninni á bak við vefinn og á efni hans. Voru myndir af öllum kortum endurgerðar og eru nú aðgengilegar í mun betri gæðum en áður var.

Vefstjórn

Safnið hafði umsjón með átján vefslóðum eitt eða í samstarfi við aðra. Sagnanetið var tekið niður í mars og lénið látið vísa á *handrit.is*. Einnig var *openaccess.is* lokað þar sem annar vefur með svipaða virkni, *opinnadgangur.is*, var opnaður. Ný útgáfa Doktoraskrár fór í loftið í upphafi árs og langþráð ný útgáfa Íslandskorta fór í loftið í október. Í byrjun desember var vefnum *sagas.landsbokasafn.is* hleypt af stokkunum, en hann er gagnasafn um þýðingar Íslendingasagna.

Tímarit.is langmest notaður af þeim vefjum sem safnið rekur, en *skemman.is* og *landsbokasafn.is* fylgja þar á eftir. Mikil aukning er á notkun vefs Kvennasögusafns.

Notendur koma með ýmsum hætti á vefina, beint í gegnum vafrann, frá leitarvélum á borð við Google, eða í gegnum tengil á annarri síðu. Þá sést greinileg tilhneiging í þá átt að notendur koma í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur.

Það er því ljóst að sú þjónusta sem safnið er að veita á netinu er mikið nýtt af almenningi. Heildar-notkun vefjanna fer vaxandi og eru fjórir vefir safnsins meðal mest sóttu vefja sem Modernus mælir, en það eru *tímarit.is*, *skemman.is*, *landsbokasafn.is* og *hvar.is*. *Gegnir.is* er einnig í þessum hópi.



Sýningin Þjóðsagnasöfnun Jóns Árnasonar.

AÐFÖNG OG SKRÁNING

Sviðið ber ábyrgð á þáulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsóknna, móttöku gjafa, flokkun, skráningu, bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Í árslok var fjöldi starfsfólks 19 og ársverk voru 17.6. Sviðsstjóri til júní var Ívar Jónsson.

SKYLDUSKIL

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýrra íslenskra rita samkvæmt lögum um skylduskil. Ennfremur er unnið að frágangi og innskráningu þessa efnis og eldra efnis sem berst og reynt að fylla inn í það sem á vantar. Tekin var upp aðfangaskráning í Gegni fyrir bækur og ársskýrslur. Rafrænn þáttur skylduskila fer vaxandi s.s. söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Safnað er þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénnum. Erlendar slóðir voru í desember 509 talsins. Sömu leiðis eru gerðar vikulegar safnanir, slóðirnar voru um miðjan desember 83 talsins.

Á árinu var tekið við rafrænu efni aðallega í gegnum tölvupóst en einnig var efni sótt af Netinu. Unnið var að því að setja efnið inn á *rafhladan.is* og skrá það. Í árslok voru um 2.500 einingar skráðar í Rafhlöðuna.

AÐFÖNG

Ritakaup HÍ

Fjárveiting frá einstökum sviðum eða deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna ritakaupa á árinu 2012 var sem hér segir: Félagsvísindasvið 17 millj. kr., Hugvísindasvið 8.5 millj. kr. og Verkfræði- og náttúruvísindasvið 14 millj. kr. Frá Heilbrigðisvísindasviði kom fjármagn til ritakaupa frá sálfræðideild og tannlæknadeild, samtals 2.4 millj. kr.

Heildarupphæðin er tæpar 42 millj. kr. Þessu fé er ráðstafað í tímarit, bækur og önnur gögn á fræðasviðum Háskóla Íslands í náinni samvinnu við háskólakennara eða bókasafnsfulltrúa. Um 12 millj. krónum var varið í bækur, tæpum 13 í tímarit og tæpum 17 í rafræn gagnasöfn. Auk þess greiddi HÍ miðlægt um 36 millj. kr. vegna Landsaðgangs að stafrænum tímaritum og gagnasöfnum og 8.3 millj. miðlægt fyrir gagnasöfn s.s. JSTOR og CSA. Safnið varði rúmum 8 millj. króna í bækur og um 6,5 millj. í tímarit auk 1,2 millj. kr. í samlög um séráskriftir. Keypt gögn voru alls 3.287 á árinu.

Gjafir

Að venju bærust safninu margar góðar gjafir á árinu. Af íslenskum bókagefendum ber helst að nefna erfingja Ármanns Snævarr fyrrv. háskólarektors en bækur hans verða flestar í safni Lagadeildar í Lögbergi. Talsvert af bókum Guðjóns Árna Sigurðssonar frá Mosdal í Arnarfirði bærust safninu en hann átti mikið og vandað bókasafn. Í báðum þessum söfnum voru mikilvæg rit sem munu nýtast safninu vel.

Meðal annarra gefenda voru erfingjar Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, Margaret Cormack, Ida Marguerite Semey, Reinharð Reinharðsson, Bókaforlagið Sage fyrir milligöngu Félags- og mannvísindadeildar HÍ, Politica félag stjórn málafræðinema, Goethe Institut og svissneska menningarstofnunin Pro Helvetia. Bóksala stúdenta gefur safninu reglulega nýlegar bækur og ýmsir kennarar HÍ gefa safninu bækur. Alls bærust safninu að gjöf 3.574 rit.

ÍSLENSK SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Í íslenskri skráningu og bókfræðistjórn er skráð í Gegni efni sem berst í skylduskilum, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn, tímarit og hljóðbækur. Ennfremur eru skráðar greinar úr tímaritum og bókum og efni gefið út erlendis sem varðar Ísland eða er eftir Íslendinga (*Islandica extranea*) og rit og greinar sem berast frá vinnu-matssjóði háskólakennara. Skrá um íslenska útgáfu er dregin út úr Gegni og birt á vefnum, *utgafuskra.is*. Skráin er uppfærð vikulega og starfsmenn íslenskrar skráningar fara yfir gögnin.

Bókfræðileg stjórn Gegnis fer að öllu jöfnu fram í s.k. nafnmyndagrunni. Sú vinna er nær öll á hendi starfsmanna íslenskrar skráningar. Í nafnmynda-skránni birtast tilvísanir bæði mannanafna og efnisorða og þar eru alnafnar aðgreindir og gerðar samræmdar nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og fornrit svo dæmi sé nefnt. Unnið var að því að kortleggja greiningskráningu í Gegni og að tengja á milli færslu í Gegni og stafræns eintaks í Skemmu og Rafhlöðu. Safnið sér um og uppfærir *Handbók skrásetjara* sem er vinnutæki allra skrásetjara landsins og aðgengileg á vefnum *hask.landsbokasafn.is*.

ERLEND SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Meginverkefni faghópsins er flokkun, lyklu og skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir HÍ og safnið; ennfremur efni sem berst í bókagjöfum og í ritaskiptum. Einnig sér faghópurinn að hluta til um flokkun og lyklu á erlendum ritauka Íslands-safns og skráir kafla úr erlendum bókum sem innihalda efni er varða Ísland eða er eftir Íslendinga. Þá sér hópurinn um skráningu og lyklu á námsrit-gerðum frá HÍ. Á árinu var áfram unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum. Einnig fór fram nafnmyndavinna vegna lokaritgerða.

Einn starfsmaður faghópsins tekur þátt í kennslu á vegum Landskerfis bókasafna og á sæti í ritstjórn *Handbókar skrásetjara* Gegnis.

Í byrjun árs gerði safnið samning við OCLC um sam-lagsáskrift á landsvísi að Web-Dewey sem er vef-útgáfa Dewey flokkunarkerfisins. Haldið er utan um áskriftinga og úthlutun aðgangsorða í faghópnum. Þrettán söfn voru áskrifendur að kerfinu um áramót. Áskrift að WebDewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslu kerfisins.

Áfram var unnið að flokkun og skráningu á efni frá Tungumálamiðstöð. Um er að ræða bækur og kvikmyndir en aðeins er hægt að vinna við þetta efni utan skólaársins. Nokkuð var skráð úr stórum bókagjöfum sem borist hafa safninu. Þetta efni er tekið inn í skömmtum og unnið með öðrum verkum. Þar má nefna bækur Kjartans Ottóssonar málfræðings, Benedikts Gröndals og bókagjöf frá Politicu, félagi stjórn málafræðinema og stjórn mála-fræðideildar. Þá var farið yfir flokkun og skráningu á um 300 bókum úr danska lektoratinu en sú safn-deild hefur nú verið lögð niður. Frá og með haust-útskrift 2011 var hætt að skrá í Gegni lokaritgerðir í grunnnámi frá HÍ, þ.e.a.s. BA og BS ritgerðir. Þær eru nú einungis aðgengilegar í Skemmunni. Eftir sem áður eru ritgerðirnar lyklaðar og að auki sér starfsmaður sviðsins um að skrá efnisorðin í Skemmuna.


GÆÐASTJÓRN GEGNIS

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánu samstarfi við Landskerfi bókasafna sem rekur *gegnir.is* og *leitir.is*. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði, þær Sigrúnu J. Marelsdóttur og Hildi Gunnlaugsdóttur og Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnis-orðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði þessi ráð starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Safnið á einnig tvo fulltrúa í gæðahópi Gegnis en sá hópur gegnir lykilhutverki við þróun og þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og út-gáfum kerfisins, þ.m.t. leitir.is.

Skv. tölfræðigögnum í Gegni eru aðföng á uppleið aftur eftir samdráttarskeið 2009–2011 og þá sér-staklega efni á ensku.

Þá fer vélvirkur færsluflutningur vaxandi ár frá ári. Auk færsluveiða úr erlendum samskrám, var rúm-lega níu þúsund færslum fyrir rafrænar bækur og rafræn tímarit hlaðið vélvirkt í Gegni á árinu. Að hluta til var um tilraunaverkefni að ræða.

Færsluveiðar og vélvirkur flutningur úr erlendum gagnagrunnum





Frá sýningunni *Jólin koma*.

VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánum á lestrarsal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Í lok ársins var fjöldi starfsfólks 19 en ársverk voru 17.3. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

FORVARSLA OG BÓKBANDS-STOFA

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Síðastliðin ár hefur starfsemi bókbandsstofunnar tekið þeim breytingum að dregið hefur verulega úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Jafnframt hafa starfsmenn á bókbandsstofu komið að frágangi og þökkun á stórum veggspjöldum í vörslu safnsins. Bókbandsverk á árinu 2012 voru alls 43.275 (48.587) einingar. Áfram var áfram unnið að könnun og skráningu á ástandi handrita með safnmarkinu Lbs.

MYNDASTOFA

Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, myndatöku að beiðni notenda safnsins, vegna sýninga og annarra atburða. Tímarit voru meginhluti íslenska efnisins sem myndað var á árinu en einnig var myndað mikið af kortum vegna endurnýjunar

kortavefsins. Auk myndatöku sem fram fer í myndastofu er myndavél í Amtsbókasafninu á Akureyri og er vinnan þar hliðstæð við vinnu í myndastofu en þar eru aðallega myndað dagblöð og tímarit. Styrkur fékkst frá Alþingi til að halda starfsemi þar gangandi með áherslu á myndun landsmáblaða. Styrkurinn var ekki endurnýjaður í árslok og af þeim sökum var starfstöðinni lokað og tækjabúnaður fluttur í Þjóðarbókhöfðu. Á árinu voru myndaðar 221.404 (337.568) bls. í myndastofu safnsins í Þjóðarbókhöfðu og 202.608 (150.748) bls. í Amtsbókasafninu á Akureyri. Myndað efni skiptist í meginatriðum svo: handrit 21.097 (41.644) bls., blöð og tímarit 316.188 (357.740) bls., gömul Íslandskort 939 (29) og bækur 54.670 (88.912) bls. Þá var jafnframt myndað efni fyrir Veðurstofu Íslands og aðra aðila til birtingar á vef utan safnsins, 31.118 bls.

HANDRITASAFN

Meginhlutverk handritasafns er söfnun, varðveisla, skráning og rannsóknir á íslenskum handritum sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Í handritasafni

er langstærsta safn íslenskra pappírshandrita frá síðari öldum (16. – 20. aldar) eða 13.603 handrit sem hafa verið fullskráð og fengið safnmark og um 2.000 einingar sem bíða fullnaðarskráningar. Séð er til þess að sem tryggilegast sé búið um safnkostinn með réttum umbúnaði og viðeigandi hita- og rakastigi í öryggisgeymslu. Jafnframt annast starfsfólk kynningar á handritum og þjónustu við safngesti og heldur úti síðu á Facebook til að kynna starfsemina. Þá hafa fjölmörg handrit verið mynduð og gerð aðgengileg á vefnum *handrit.is*.

Aðföng

Aðföng voru í meðallagi og dreifðust jafnt yfir árið, en 53 sinnum voru handrita- og skjalasöfn afhent safninu til eignar og varðveislu. Sem dæmi má nefna afhendingar á gögnum Einars Jónssonar myndhöggvara, sendibréf frá Halldóri Laxness til Einars Ólafs Sveinssonar, eiginhandarrit Jóhanns Sigurjónssonar skálds að nokkrum kvæðum, bréf frá Jóni Sigurðssyni forseta frá 1859 og gögn Barnafélags Mosfellsdals (þ. á m. bréf frá Halldóri Laxness). Þá hófst afhending á stóru bréfa- og skjalasafni, Björns Halldórssonar í Laufási, Þórhalls Bjarnarsonar biskups og Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra. Að lokum skal nefna að Pétur Gunnarsson afhenti handrit sín að skáldsögunni *Punktur punktur komma strik*.

Samskrá um handrit – handrit.is

Haldið var áfram skráningu handrita á *handrit.is*, sem er samskrá og rafrænt gagnasafn íslenskra handrita sem varðveitt eru í handritasafni, Stofnun Árna Magnússonar og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Í árslok 2012 höfðu 3.477 (3.035) handrit úr handritasafni verið frumskráð, fjöldi handrita sem voru mynduð er 1.093 (1.037) og fjöldi mynda 313.065 (294.721). Annað árið í röð fékkst styrkur frá Vinnumálastofnun til að ráða stúdent til að stofna nýjar færslur í gagnagrunninum en þess ber að geta að færslurnar eru mjög einfaldar og viðmiðið að koma þeim upplýsingum sem eru í prentuðum handritaskráum á rafrænt form. Tveir erlendir sjálfbóðaliðar unnu jafnframt að frágangi og uppröðun gagna í handritasafni. Gerður var samstarfssamningur milli safnsins og Árnasafns í Kaupmannahöfn um skráningu og myndun handrita sem hafa að geyma *Fornaldarsögur Norðurlanda*. Um er að ræða rúmlega 90 handrit sem eru frumskráð, formgreind og mynduð í Lbs-Hbs og fullskráð af starfsmönnum Árnasafns í samvinnu við starfsmenn safnsins.

ÍSLANDSSAFN

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Þjónusta sem byggist á ritakosti Íslandssafns og handritasafns er veitt á 1. hæð safnsins. Þar eru veittar upplýsingar og sótt prentuð rit og handrit fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Bókminjasafn safnsins er í bókasal Þjóðmenningarhúss og er þar föst sýning á völdum ritum í eigu safnsins. Á árinu var farið yfir gamalt efni og gjafir og tekin inn í kostinn rit ef þau höfðu ekki komið í skylduskilum, glatast eða þau vantaði í varaeintök. Unnið var að frágangi eldra smælkis og verkefni sem snýr að plakötum var haldið áfram.

Varaeintakasafn í Reykholti

Í varaeintakasafn var unnið að frágangi bóka og annars efnis sem varðveita á. Farnar voru mánaðarlegar ferðir í varaeintakasafnið. Lokið var við að taka tímarit upp úr kössum og raða þeim í stafrófsröð og byrjað var að eintakstengja þau. Í varaeintakasafni voru í árslok frágengnar í hillum 111.133 (107.033) einingar.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt hefur og verið að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa.

Blöð og tímarit á netinu – tímarit.is

Jafnt og þétt er unnið að myndun blaða og tímarita til birtingar á *tímarit.is*. Mikill áfangi náðist þegar komið var á sjálfvirkri tengingu á milli Gegnis og *tímarit.is*. Nú eru upplýsingar um öll mynduð blöð og tímarit notendum aðgengilegar á *gegnir.is* og *leitir.is* um leið og það hefur verið birt á netinu. Hið sama á jafnframt við um ef greinaskráð tímarit hefur verið myndað. Þá er notendum vísað á rafræna útgáfu af greininni. Á árinu var lögð áhersla að ljúka myndun á blöðum og tímaritum þar sem útgáfu lauk fyrir 1920, en ýmislegt smálegt var ómyndað frá fyrri tíð. Þá var haldið áfram myndun á efni sem gefið var út á árabílinu frá 1920 til 1940. Á starfstöðinni á Akureyri var lögð áhersla á myndun yngri landsmálablaða. Jafnframt hefur verið mörkuð sú stefna að mynda ritrýnd íslensk tímarit og er í því samhengi leitað samninga við útgefendur ritanna.

SÉRSÖFN

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn sem tilheyra safninu og veita aðgang að þeim. Eitt sérsafn bættist við á árinu og er hér um að ræða svokallað „Bókbindarasafn“ sem var í eigu Félags bókagerðarmanna og stofnað var til af Sigurþóri Sigurðssyni bókbindara. Í safninu eru um 80 handbundnar bækur eftir íslenska bókbindara, ein eða fleiri eftir hvern og merkt nafni hans á aftara spjaldi.

Helstu verkefni ársins voru frágangur og skráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is* og myndun á fornum Íslandskortum en ný gerð af vefnum var gerð almenningi aðgengileg. Af því tilefni voru öll kort myndið að nýju og nýjar gerðir af myndum settar á netið og hafa nú flest Íslandskort, stór og smá fram til ársins 1950 verið gerð aðgengileg. Þess ber að geta að bakhlið kortanna er jafnframt mynduð því í sumum tilfellum er þar að finna texta með lýsingum. Stærsta viðbótin eru kort kennd við danska herforingjaráðið og kort ameríska hersins. Fjöldi korta í árslok 2012 var 632 en fjöldi eintaka 844. Erlendur sjálfbóðaliði, frá Þýskalandi, vann við skráningu og frágang bóka til myndunar á *bækur.is*. Í árslok 2012 voru 550 (316) titlar aðgengilegir í 649 (415) bindum, samtals 203.035 (145.731) bls. Lokið er myndun á næstum öllum íslenskum bókum frá 16. og 17. öld sem eru í eigu safnsins. Nú er unnið markvisst að myndun bóka frá 18. öld.

Lokið var við yfirlestur á íslenskri bókaskrá er nær yfir tímabilið frá 1534 til 1844 og hófst undirbúningur að því að koma upplýsingunum fyrir í gagnagrunni þar sem verður boðið upp á ýmsa leitar- og röðunarmöguleika. Úthlutað var í fjórða sinn úr rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Umsóknir voru sjö og hlutu þrjár þeirra styrk.

TÓN- OG MYNDSAFN

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að þaulsafna útgefnum íslenskum hljóðritum og íslensku myndefni, varðveita efnið og veita aðgang að því auk upplýsingaþjónustu. Hluti safnkostsins, s.s. erlent efni sem er stór hluti myndefnis og tölvugagna, er ætlað háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er töluvert úrval af nótnaheftum til útláns auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Nýtt efni er skráð jafnóðum og unnið var að afturvirkri skráningu á ýmsum gögnum á árinu. Lokið var við að skrá í Gegni eldri hljómplötur sem til eru í safninu (33, 45 og 78 snúninga). Tveir auka-starfsmenn unnu um tíma í tón- og myndsafni, þeir sinntu innheimtu hljóðrita, yfirfærslu af geisla-

diskum í tölvugrunn safnsins og fleiri verkefnum. Stafræn afritun diska í tölvugrunn safnsins var 192 diskar, þar af voru heimabrenndir diskar 103 og Islandica extranea diskar 89. Auk þess voru afrituð 22 hljóðrit sem eingöngu voru í netútgáfu. Keyptar voru tvær kómmóður undir skylduskilafni á geisladiskum. Tón- og myndsafn er með síðu á samskiptavefnum Facebook í þeim tilgangi að kynna safnið og skylduskilin, auðvelda samskipti og um leið heimtur hljóðrita.

KVENNASÖGUSAFN

Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða við heimildaleit og hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða. Í stjórnarnefnd sátu Erla Hulda Halldórsdóttir af hálfu Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræði við HÍ, Helga Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands og Edda G. Björgvinsdóttir af hálfu safnsins.

Forstöðukona safnsins sótti árlegan fund norrænna kvennasögusafna- og upplýsingaveita, NING (Nordic Information Network Gender), sem haldinn var í Kaupmannahöfn í október. Ákveðið var að stefna að því að safna saman vefslóðum á þau eldri norrænu kvennablöð og tímarit sem hafa verið mynduð á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð, og mynda sameiginlega vefslóð til hægðarauka fyrir notendur.

Kvennasögusafn setti upp síðu á Facebook í mars.

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Meginhlutverk Miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær og skrá og gera safnkostinn aðgengilegan. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu.

Þáttaskil urðu í starfsemi Miðstöðvarinnar þann 15. mars þegar hún var sameinuð Lbs – Hbs og varð að sérstakri starfseiningu á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Í stað stjórnar kom fagråd. Einn starfsmaður var í fullu starfi við Miðstöðina og að auki voru ráðnir tveir sumarstarfsmenn til að skrá gögn og taka viðtöl. Á árinu lauk einu viðamesta verkefni Miðstöðvarinnar undanfarin misseri en þar er um að ræða rannsókn og skráningu á hljóðgögnum Fræðafélags Vestur-Húnavetninga. Verkefnið var unnið í samstarfi nokkurra stofnana. Gögnin hafa verið gerð aðgengileg á vefsíðunni *ismus.is*. Meðal annarra verkefna má nefna málþing í tilefni fimm ára afmælis Miðstöðvarinnar og kynningu á safnkostinum í samvinnu við stjórnendur þáttarins *Samfélagið í nærmynd* á rás 1 í

ríkisútvarpinu. Fjöldi aðfanga í Miðstöðinni frá upphafi starfseminnar árið 2007 eru 111. Ný aðföng á árinu 2012 voru 28 (14) og heildartímalengd

áætluð 300-400 klst. Á árinu fékk Miðstöðin tvö ný upptökutæki og töskur fyrir kvikmyndatökuvél og upptökutækin sex sem eru til útláns.



Frá sýningunni *Benedikt S. Þórarinnsson – 150 ár minning 1861-2011*.



Gestur á sýningunni *Thorbjörn Egner í 100 ár.*

MIÐLUN OG RAFRÆNN AÐGANGUR

Sviðið hefur umsjón með upplýsingaþjónustu safnsins og handbókasafni á 2. hæð, annast fræðslu um safnkostinn og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að gögnum safnsins. Aðrir verkþættir eru tímaritahald, staðalnúmer, millisafnalán og Landsaðgangur að rafrænum gögnum, auk sýningar- og kynningarmála. Í lok ársins var fjöldi starfsfólks 10 og ársverk 8.5. Sviðsstjóri er Halldóra Þorsteinsdóttir.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG NOTENDAFRÆÐSLA

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar og einstaklingsbundin leiðsögn um notkun rafrænna gagna, bæði í síma og á staðnum, var heldur meiri en undanfarin ár. Af þeim 1843 bréfum sem bárust með tölvupósti voru 566 tekin til nánari úrvinnslu en 1277 var beint annað. Nokkur aukning var á beiðnum um heimildaleit sem er þjónusta veitt gegn greiðslu.

Notendafræðsla

Í upphafi vor- og haustmíssis voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendur sína og hefur hefð myndast fyrir slíkum kynningum í mörgum deildum. Í febrúar og nóvember var boðið upp á opnar kynningar m.a. á *leitir.is* og *Google Scholar*. Námskeiðin voru auglýst á ýmsum póstlistum, á vef safnsins og á Uglunni. Að öðru leyti voru safnkynningar með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir

nýnema einstakra deilda og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir. Í frumkynningum er þjónusta og aðstaða í safninu kynnt ásamt kynningu á *leitir.is* og vef safnsins en í framhaldskynningum er farið í helstu atriði heimildaleitar og einstök gagnasöfn kynnt. Samtals voru haldnar 97 kynningar og skoðunarferðir um safnið og sóttu þær 1.813 manns.

Bæklingar

Til stuðnings notendafræðslunni voru fjórir nýir bæklingur gefnir út á vegum miðlunarsviðs, 23 voru uppfærðir og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Bæklingum safnsins er dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri eftir því sem tilefni er til. Auk þess liggja þeir frammi í útibúum og á öllum hæðum bókhöðunnar.

Aðgangur að stafrænum gögnum

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum, bókum og gagnasögnum er ýmist opinn á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í sér-

áskrift safnsins og Háskóla Íslands. Nokkur ný tímarit, rafbækur og gagnasöfn bættust við séráskriftirnar eftir að hafa verið í prufuaðgangi um skeið: s.s. gagnasöfnin *Communication & Mass Media Complete*, *HeinOnline* og *Motif Index of Folk literature*. Ennfremur var boðið upp prufuaðgang að *Encyclopedia of Environmental Biology*, *Handbook of Translation Studies*, *ProQuest Engineering Collection*, *Passport GMID* og *Cambridge Books Online* án þess að samið væri um áskrift.

Fyrir utan stafrænt efni sem er í Landsaðgangi var í árslok 2012 sameiginlegur aðgangur með einstökum deildum Háskóla Íslands að eftirfarandi gagnasöfnum: *ACM Digital Library*, *AnthroSource*, *CIOS (Com Abstracts)*, *Communication & Mass Media Complete*, *Emerald Insight*, *Encyclopedia of Geology*, *HeinOnline*, *Idunn.no*, *IEEExplore*, *JSTOR*, *LISA*, *MathSciNet*, *MLA*, *Myilibrary*, *Oxford Dictionary of the Middle Ages*, *Palgrave Dictionary of Economics*, *Philosopher's Index*, *PROLA*, *UN Treaty Collection*, *UNSTATS Common Database*, *Web Dewey* og *Women and Social Movements International*.

Í félagi við aðra var keyptur aðgangur að: *ASCE*, *Compendex*, *OECDiLibrary*, *PsycArticles*, *Psybooks* og *PsycInfo* í *OVID*. Gagnasöfnin *ASCE*, *Compendex* og *Psybooks* eru aðgengileg á landsvísu.

TÍMARIT OG STAÐALNÚMER

Tímaritahald sér um innkaup og umsýslu tímarita safnsins og HÍ. Ákvörðun um hvaða efni er keypt fyrir HÍ er að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2012 voru 250 tímaritaáskriftir greiddar fyrir HÍ, 304 af ritakaupafé safnsins og 28 voru keypt af sofnumum HÍ, samtals 582 titlar. Áskriftum hefur fækkað um 69 titla frá fyrra ári. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf eða í ritaskiptum en þeim fækkar stöðugt.

Tímaritaskrá A– Ö

Tímaritaskrá A–Ö frá TDnet sem tekin var í notkun árið 2004 vék í árslok fyrir *Finna tímarit*, sem er SFX skrá frá ExLibris til samræmis við önnur söfn í landinu. Í nýju skránni eru tenglar við rafræn tímarit bæði þau sem eru í landsaðgangi og í séráskrift safnsins, auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Uppflettingar í *Tímaritaskrá A–Ö* voru samtals 55.219 á árinu en báðar skrárnar stóðu notendum til boða síðari hluta ársins.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Heildarskrá yfir íslenska útgefendur sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í maí inniheldur 3.521 færslu að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Alls var úthlutað 25 ISSN númerum fyrir ný tímarit á tímabilinu. Auk þess var úthlutað 281 ISSN númeri fyrir gömul íslensk tímarit á *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna í ISSN skránni um áramót var 1.895 færslur.

MILLISAFNALÁN

Tíunda Norræna millisafnalánaráðstefnan var haldin hér á landi í október. Þátttakendur voru um 150 talsins frá öllum Norðurlöndunum auk nokkurra gesta frá Kanada, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi og sex þátttakendur komu frá Lbs-Hbs. Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru Þórný Hlynsdóttir frá Lbs-Hbs, Andrea Jónsdóttir frá Háskólanum á Bifröst, Áslaug Óttarsdóttir frá Bókasafni Menntavísindasviðs HÍ og Unnur Valgeirsdóttir frá Háskólanum í Reykjavík.

Heildarfjöldi beiðna árið 2012 var 3.791 (4.425), af þeim voru afgreiddar 3.329 (3.631) eða 88%. Þó heildarfjöldi beiðna hafi dregist saman um 14% frá því á síðasta ári hefur fjöldi afgreiddra beiðna aðeins dregist saman um 8%. Úr safnkosti Lbs-Hbs voru samtals afgreidd 981 gögn á árinu (1.089) sem er heldur minna en árið áður eða 10%. Alls voru afgreiddar 540 greinar (566). 312 greinar voru afgreiddar úr safninu til annarra bókasafna sem skiptist þannig að 290 fóru til innlendra safna og 22 til erlendra safna. 229 (198) greinar voru afgreiddar í greinaþjónustu sem er 14% aukning frá síðasta ári, til starfsmanna HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega. 440 (523) bækur voru sendar á árinu úr ritakosti Lbs-Hbs til annarra safna, þar af fóru 397 til innlendra safna, en 43 bækur fóru til erlendra safna. Bókalán til íslenskra safna hafa dregist saman um 16% frá síðasta ári og það má kannski að einhverju leyti útskýra með því að fleiri söfn eru nú orðin virk í millisafnalánum á Íslandi og því er hægt að leita til fleiri safna innanlands en áður.

Til Lbs-Hbs bárust alls 2.348 (2.542) gögn á árinu frá öðrum söfnum. Þó þetta sé minna en á síðasta ári eru þetta svipaðar tölur og árin þar á undan. Greinar sem bárust voru 1170 (1197). Helstu birgjar varðandi greinar eru Subito (45%) og finnsk söfn (25%), 26% greina koma frá öðrum erlendum söfnum og 4% frá íslenskum söfnum. Bækur sem bárust frá öðrum söfnum voru alls 1178 (1345) talsins. Það er því tölverður samdráttur í bókalánum eða 12%. Frá Íslandi komu 345 bækur og 342 frá Danmörku, 29% bókalána koma frá Íslandi og 60% Norðurlöndunum eða samtals 89%.

LANDSAÐGANGUR

Landsaðgangur að gagnasöfnum og stafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Internetinu hjá íslenskri netveitu, og eru staddir á landinu, aðgang að þeim gagnasöfnum og stafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Vefurinn *hvar.is* er aðalþjónustuleið Landsaðgangs og þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgang að þeim og samninga við útgefendur. Með lögum nr. 142/2011 varð Landsaðgangur verkefni safnsins og þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti féll niður. Fimm manna stjórnarnefnd tekur þátt í stefnumótun, ákvarðanatöku um val á efni og skiptingu greiðslna.

Í stjórnarnefnd sátu Anna Torfadóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Andrea Jóhannsdóttir, Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís Hafstað, Sigurður Hafsteinsson, varamaður Baldvin Zarióh og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Sveinn Ólafsson. Ásdís Hafstað kom inn sem varamaður Önnu Sveinsdóttur fyrri hluta ársins. Sigurður Hafsteinsson lét af störfum við Háskóla Íslands og kom Baldvin Zarióh inn sem aðalmaður. Anna Sigríður Guðnadóttir kom inn sem varamaður seinni hluta ársins í stað Sólveigar Þorsteinsdóttur sem var í leyfi. Þóra Sigurbjörnsdóttir og Erla Kristín Jónasdóttir komu inn sem varamenn Önnu Torfadóttur borgarboðar, sem lést 30. nóvember 2012. Henni eru færðar þakkir fyrir störf hennar í þágu Landsaðgangsins en hún studdi og fylgdist með verkefninu frá upphafi og sat í stjórnarnefnd frá 2007. Pálína Magnúsdóttir nýr borgarboðar kom inn sem aðalmaður í september.

Engar breytingar voru gerðar á áskriftum að tímarita- eða gagnasöfnum en í lok ársins var aðgangur að um 21.000 tímaritum í fullum texta. Heildarkostnaður var 236 millj. kr. Kostnaður við áskriftir var 224.3 millj. kr., þar af 45.2 millj. kr. fyrir gagnasöfn og 179.1 millj. kr. fyrir tímaritasöfn og rekstrarkostnaður var 11.8 millj. kr. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 118.6 millj. kr. og en framlag greiðenda var um 106.7 millj. kr.

Notkun gagna- og tímaritasafna, að greinasafni *Morgunblaðsins* undanskildu, jókst um 11.78% á árinu. Heimsóknun í tilvísanasafnið *Web of Science* fækkaði um 5.3% og leitum fækkaði um 10.41%. Auk hins eiginlega Landsaðgangs er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað.

SÝNINGAR OG KYNNINGAR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins. Sýningastjórar voru Emilía Sigmarsdóttir og Ólafur J. Engilbertsson.

Viðurkenning Hagþenkis

Viðurkenning Hagþenkis, félags höfunda fræðibóka og kennslugagna fyrir árið 2011, var veitt í safninu 7. mars. Að þessu sinni fékk Sigríður Víðis Jónsdóttir viðurkenninguna fyrir verk sitt *Ríkisfang: ekkert : flóttinn frá Írak á Akranes*. Í umsögn segir að verk Sigríðar sé „metnaðarfullt verk sem samþættir með upplýsandi og áhrifamiklum hætti lífshlaup einstaklinga og sögulega atburði sem þeir hafa litla sem enga stjórn á.“ Lítil sýning með vinnugögnum, myndum og munum sem tengdust bókinni var til sýnis í safninu í rúmar tvær vikur.

Prentlist og Passíusálmar

Sýningin *Prentlist og Passíusálmar* var opnuð í anddyri Hallgrímskirkju 24. mars. Sýningin var samstarfsverkefni Lbs-Hbs, Stofnunar Árna Magnússonar og Listvinafélags Hallgrímskirkju, sem fagnar nú 30. starfsári sínu. Á sýningunni var stiklað á stóru gegnum útgáfusögu *Passíusálma* Hallgríms Péturssonar (1614–1674), en þeir hafa verið prentaðir 87 sinnum. Fyrsta útgáfa þeirra leit dagsins ljós á Hólum í Hjaltadal árið 1666 og síðast voru þeir prentaðir í Reykjavík árið 2009. Sýningin stóð fram í september. Um hönnun sýningar og textagerð sá Þórunn Sigurðardóttir. Útlitshönnun var í höndum Ólafs J. Engilbertssonar. Umsjón með hljóddæmum hafði Rósa Þorsteinsdóttir og um enska þýðingu sá Margaret Cormack.

Fjórar sýningar í Þjóðarbókhöfðu

Á degi bókarinnar, 23. apríl voru opnaðar fjórar sýningar í safninu. Sýningarnar voru m.a. unnar í samstarfi við Gljúfrastein og Breiðdalsetur.

Bernska skálds í byrjun aldar. Sýning helguð 110 ára fæðingardegi Halldórs Laxness. Á þessari sýningu var lögð áhersla á æsku Halldórs Guðjónssonar frá Laxnesi. Til sýnis voru munir, skjöl og bækur frá því að hann var barn í Mosfellssveit í upphafi tuttugustu aldar. Sýningin var unnin í samstarfi við Gljúfrastein og um hönnun sýningar sá Ólafur J. Engilbertsson.

Benedikt S. Þórarinsson - 150 ára minning 1861-2011. Sýningin var helguð minningu Benedikts S. Þórarinssonar sem var kaupmaður í Reykjavík og bókasafnari, en hann gaf Háskóla Íslands hið mikla

bókasafn sitt árið 1935. Safnið er nú eitt af sér-söfnum Landsbókasafns. Um hönnun sýningar sá Ólafur J. Engilbertsson og um textagerð sá Jökull Sævarsson.

Forsetaframboð 1952-2004 - frá Ásgeiri Ásgeirssyni til Ólafs Ragnars Grímssonar. Sýning á plakötum, bréfum, bæklingum og öðru efni forsetaframbjóðenda sem varðveitt er í Íslandssafni, en sex sinnum hefur verið kosið milli frambjóðenda í embætti forseta Íslands. Um textagerð sá Auður Styrkarsdóttir.

Maður orða - Dr. Stefán Einarsson málvísindamaður. Gestasýning frá Breiðdalssetrinu í Breiðdal um líf og störf dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns. Sýningin var fyrst sett upp í Breiðdalssetrinu sumarið 2011. Um hönnun sýningar sá Linda Stefánsdóttir, um textagerð Vésteinn Ólason og sýningarskrá Smári Ólason.

Eylenduhugsanir - Musings

Ljósmyndasýning bandarísku listakonunnar Jean Larson, var opnuð 15. september. Myndirnar eru teknar á Vestfjörðum og sýna náttúruna og hið manngerða umhverfi í nýju ljósi. Sýningin var sölu-sýning og stóð fram í miðjan nóvember. Vönduð sýningarskrá eftir Jean Larson var einnig til sölu.

Vögguvísa verður til

Handrit bókarinnar *Vögguvísu* var afhent handritasafni ásamt öðrum handritum og gögnum rit-höfundarins Elíasar Marar eftir lát hans 2007. Sýningin var hluti af lestrarhátíð í Reykjavík. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO stóð fyrir málþingi til-einkuðu *Vögguvísu* í fyrirlestrasal safnsins 27. október. Hönnuður sýningar var Ólafur J. Engilbertsson.

Þjóðsagnasöfnun Jóns Árnasonar

Sýning um þjóðsagnasöfnun Jóns Árnasonar landsbókavarðar var opnuð í safninu 24. nóvember í tilefni af því 150 ár voru liðin frá fyrstu útgáfu þjóðsagnasafnsins. Samstarfsaðilar um sýninguna voru Lbs-Hbs, þjóðfræðiskor HÍ, Stofnun Árna Magnússonar, þjóðminjasafn Íslands og þjóðskjalasafn Íslands.

Sama dag og sýningin var opnuð var haldið málþing á vegum námsbrautar í þjóðfræði við HÍ með þátt-töku margra fræðimanna. Ólafur J. Engilbertsson hannaði sýninguna og bækling með útdráttum erinda á málþinginu.

Thorbjørn Egner í 100 ár.

Þann 12. desember 2012 voru 100 ár liðin frá fæðingu Thorbjørns Egners og var þess minnst í safninu með sýningu í samstarfi við sendiráð Noregs, Nasjonalbiblioteket í Ósló, Þjóðleikhúsið og Leikminjasafn Íslands. Egner skrifaði sögur og leikrit, samdi vísur og sönglög, teiknaði og málaði myndir í bækur sínar og leikmyndir og búninga fyrir sviðsetningar á verkum sínum. Sviðsetning Þjóðleikhússins á Dýrunum í Hálsaskógi í nóvember 1962 var heimsfrumsýning þar sem leikarar fóru með hlutverkin, en áður hafði verið flutt í brúðuleikhúsi í Noregi. Egner gerði leikmynd og búninga við nokkrar sýningar á eigin verkum í Þjóðleikhúsinu og gaf leikhúsinu búninga- og leikmyndateikningar sínar og voru nokkrar þeirra til sýnis. Komið var fyrir snertiskjá á sýningunni þar sem hlýða mátti á leikrit og söngva Egners. Sýningin og viðmót snertiskjásins voru hönnuð af Ólafi J. Engilbertssyni.

Jólin koma

Árið 1932 kom út kvæðakver Jóhannesar úr Kötlum *Jólin koma* með vísu um íslenskar jólavættir. Tryggvi Magnússon myndskreytti kverið, en hann var þá þekktasti teiknari landsins. Frumteikningar Tryggva við kvæðakverið hafa verið varðveittar í handritasafni frá 1989. Jólásýningin með myndum Tryggva var sett upp í tilefni af því að 80 ár eru liðin frá fyrstu útgáfu kvæðakversins og var í samstarfi við Forlagið sem gefur kverið út í hátíðarútgáfu af þessu tilefni.



Gestir ræða við Jean Larson við opnun sýningarinnar *Eylanduhugsanir – Musings*.

ÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI VIÐ HÍ

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, almenn upplýsingaþjónusta á 2., 3. og 4. hæð, umsjón með ritakosti og lesrýmum á 3. og 4. hæð, úthlutun lesherbergja, námsbókasafn, varðveisla lokaritgerða og Skemman, rafrænt gagnasafn háskólanna. Í lok ársins voru starfsmenn þjónustusviðs alls 18, en ársverk voru 12,88. Sviðsstjóri er Áslaug Agnarsdóttir.

ÚTLÁN

Notendaþjónusta – afgreiðsla

Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru þrjár. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4. hæð eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, og þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Þá eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.

Afgreiðslutími

Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 14. maí til 2. september og var safnið þá opið 40-44 tíma á viku. Lokað var á laugardögum frá 16. júní til og með 4. ágúst. Sami afgreiðslutími var einnig yfir jól og áramót. Afgreiðslutíminn var lengdur þrjár helgar um 6 tíma á viku vegna prófa í apríl/maí og í nóvember/desember.


Ritakostur

Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Útlán og innheimta

Útlánum fækkaði lítillega á árinu en lítil breyting varð á útlánnum milli hópa. Skráðir lánþegar voru alls 15.296 í lok árs en tölvuskráð útlán voru 54.351. Fjöldi útlána til starfsmanna safnsins var 2.247, til kennara og starfsmanna Háskóla Íslands 4.424, til nemenda við Háskóla Íslands 37.678, til annarra háskólanema 2.249, til nema í framhaldsskólum 671, til fræðimanna, annarra safna og gesta 2.042 og til almennra lánþega 5.040. Allir nemar HÍ voru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá skólans eins og árið áður, óháð því hvort þeir nota safnið eða ekki. Í því felst mikill vinnusparnaður fyrir starfsmenn safnsins en gefur

ekki rétta mynd af virkum notendum. Á eftirfarandi kökuriti sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlán skiptast milli þeirra. Innheimta vanskilagagna er í samstarfi við fyrirtækið Motus.



Útgáfa


Nokkur útgáfa á bæklingum með upplýsingum handa safngestum á sér stað innan sviðsins á ári hverju.

Talningar

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í línuritum á bls. 36.

Lesrými

Í safninu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 25 til 30 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, bæði við lágborð og í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir. Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt allt árið. Alls höfðu 97 safngestir afnot af lesherbergi á árinu. Þar af voru 10 doktorsnemar (39 mánuðir alls, 12%), 81 nemi í meistaranámi (268 mánuðir alls, 82%) og 6 safngestir sem unnu að öðrum fræðistörfum og rannsóknarverkefnum eða ritstörfum (20 mánuðir alls, 6%). Herbergin voru leigð út mislengi en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í tæpan þrjá og hálfan mánuð. Auk þess eru tvö stærri lesherbergi og er annað þeirra ætlað fötluðum til almennrar notkunar. Hitt herbergið er nýtt sem vinnuherbergi fyrir tvo.



ÚTIBÚ

Safnið starfrækir nokkur útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Um áramótin var útibúið í Öskju lagt niður að ósk þeirra deilda sem hafa starfsemi í Öskju. Rýmið, sem safnið var í, verður tekið undir aðstöðu fyrir framhaldsnema og starfsmenn. Þessi breyting þýðir að aðeins eitt útibú er eftir þar sem bókavörður hefur fasta viðveru. Það er safnið í Lögbergi þar sem veitt er þjónusta tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum er aðeins um að ræða umsjón sem felst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau eiga einkum að þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarboðhlöðu. Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð Nýja Garðs. Lokað handbókasafn kennara í hugvísinda-deild.

Bókastofa í Tæknigarði. Bækur á sviði stærðfræði og eðlisfræði. Bókastofan er lokað handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi.

Bókastofa lyfjafræðideildar, Haga við Hofsvalla-götu. Handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði og handbókasafn starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Lögberg. Bókasafn lagadeildar í Lögbergi.

Norræna húsið. Bókasafn sem tengist kennslu í sænsku er til húsa á skrifstofu lektorsins í Norræna húsinu og útlán í samkomulagi við hann.

NÁMSBÓKASAFN

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við HÍ hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við skólann. Efnið er þá sett í hillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins eru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Misjafnt er hvort kennarar hafi efni í námsbókasafni til útláns eða aðeins til notkunar á staðnum. Æ fleiri kennarar velja síðari kostinn. Þá hafa fleiri færi á að lesa ritin en ef þau eru lánuð út. Á vormisseri voru skráð 126 námskeið og á haustmisseri 131. Ótalin eru námskeið þar sem aðeins er um að ræða bækur sem kennarar koma með og eiga sjálfir eða ítarefni í möppum frá kennurum. Þá voru einnig settir í námsbókasafnið 174 DVD diskar sem voru teknar til hliðar og merktir námskeiðum, aðallega í kvikmyndafraeði. Diskar og spólur eru að öllu jöfnu ekki lánuð út en kennarar hafa skilað inn nemendalistum í kvikmyndanámskeiðum og geta þeir nemendur fengið kvikmyndir lánaðar ýmist í 3ja daga lán eða dægurlán eftir fyrirmælum viðkomandi kennara. Kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði nota námsbókasafnið áberandi mest. Á árinu voru námskeiðin 148 á Hugvísindasviði og 85 á Félagsvísindasviði. Önnur svið sem voru með bækur á námsbókasafninu voru Heilbrigðisvísindasvið 8, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 7 og Menntavísindasvið 11. Eintök í námsbókasafni voru 3.203 á vormisseri og 3.360 á haustmisseri.

LOKAVERKEFNI OG RANNSÓKNARIT

Safnið varðveitir lokaritgerðir nemenda við HÍ að undanskildum ritgerðum nemenda Menntavísindasviðs en þær eru varðveittar í bókasafni sviðsins.

Ritgerðir í pappírformi eru geymdar á 3. hæð og í kjallara, og eru ekki til útláns. Á síðasta ári var hætt að skrá BA og BS ritgerðir í Gegni, þar sem allar ritgerðir eru nú settar í Skemmuna og þar er raf-rænn aðgangur að þeim. Skemman er einnig tengd við *leitir.is* þannig að hægt er að leita að ritgerðunum þar og komast beint í þær.

Skemman

Skemman er varðveislusafn fyrir lokaritgerðir og rannsóknarit allra íslensku háskólanna. Reksturinn er hjá Lbs-Hbs. Á árinu var alls skilað 2.199 skjölum í Skemmuna af nemendum og akademískum starfsmönnum Háskóla Íslands. 2.022 ritgerðum og rannsóknarverkefnum var skilað af nemendum og skiptist fjöldinn á sviðin eins og hér segir: Félagsvísindasvið 840 ritgerðir, Heilbrigðisvísindasvið 296 ritgerðir, Hugvísindasvið 393 ritgerðir, Menntavísindasvið 285 ritgerðir, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 208 ritgerðir og rannsóknarverkefni. Ef námsstig er skoðað nánar var 1.226 ritgerðum í grunnnámi, 20 rannsóknarverkefnum, 755 meistaraþrófs- og kandidateitritgerðum og 21 doktorsritgerð skilað í Skemmuna. Mikill munur er á skilum doktorsritgerða í Skemmuna milli sviða. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði var 11 doktorsritgerðum skilað inn, en aðeins einni ritgerð var skilað inn á bæði Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði. Þar sem þessar tölur endurspeglar ekki fjölda útskrifaðra doktora við Háskóla Íslands er brýnt að Háskólinn setji strangari reglur um skil doktorsritgerða. Akademískir starfsmenn skiluðu 177 greinum, skýrslum eða öðrum ritverkum. Ráðstefnuriti Þjóðarspegilsins, *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*, var skilað inn í Skemmuna, og sömu-leiðis tímaritinu *Stjórnsmál og stjórnsýsla*.


ÁRSTÖLUR

Í lok árs eru teknar saman og birtar tölur um notendur og þjónustu við þá. Einnig tölur um safnkost, aðföng og ýmsa rekstrarþætti, svo sem starfsemi myndastofu og bókbands, um starfsmenn og fjárhag safnsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu tölfræði undanfarin ár, bæði til einföldunar og í takt við breytta starfsemi safnsins.

NOTENDUR OG ÞJÓNUSTA

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nota vefi safnsins. Lesendur á lessal handrita-safns og Íslandssafns eru taldir en þar sem ekki er hægt að telja alla þá sem koma í safnið eru notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar taldir fyrstu viku hvers mánaðar. Á virkum degi á próftíma eru um 350 notendur á 3. og 4. hæð þegar flest er.

TALNING Á FJÖLDA GESTA Á 3. OG 4. HÆÐ SAMANBURÐUR 2011 TIL 2012



NOTKUN Á VEFJUM SAFNSINS

	Notendur		Flettingar	
	2011	2012	2011	2012
timarit.is	610.785	660.438	7.657.533	7.043.093
landsbokasafn.is	96.138	83.691	422.115	381.335
skemman.is	187.576	225.661	1.762.738	2.049.618
vefsafn.is	10.093	12.610	129.416	176.167
doktor.landsbokasafn.is	9.676	2.727	28.059	27.872
utgafuskra.is	4.275	2.658	13.804	10.319
jonashallgrimsson.is	7.867	10.114	34.551	36.922
Islandskort.is	5.946	5.303	58.804	57.355
sagnanet.is	5.450	864	12.142	1.956
hask.landsbokasafn.is	1.469	1.254	43.890	36.641
kvennasogusafn.is	4.622	6.550	16.450	22.496
hvar.is (Landsaðgangur)	50.480	42.764	199.508	202.338
handrit.is	22.205	24.338	212.213	254.335
baekur.is	11.607	14.944	245.975	279.753
rafhladan.is	6.757	6.807	68.534	34.589
openaccess.is	818	609	2.041	2.118
inngangur.landsbokasafn.is	333	4.902	8.185	116.736
sagas.landsbokasafn.is		376		5.510
Samtals 18 vefir	1.036.097	1.106.610	10.915.958	10.739.153

Sagnanetið var tekið niður í mars og lénið látið vísa á *handrit.is*. Einnig var ákveðið að loka vefnum *openaccess.is* þar sem aðilar utan safnsins settu upp sambærilegan vef, *opinnadgangur.is*. Í byrjun desember var vefnum *sagas.landsbokasafn.is* hleypt af stokkunum, en hann er gagnasafn um þýðingar Íslendingasagna. Tölur um *Inngang* eru ekki samaburðarhæfar milli ára, þar sem mæling hófst ekki fyrr en í desember 2011.

NOTKUN Á STAFRÆNUM GAGNA- OG TÍMARITASÖFNUM

	2009	2010	2011	2012
Samtals sóttar greinar í Landsaðgangi ¹	892.277	907.294	1.128.802 ²	1.261.809
Samtals sóttar greinar í gagnasafn Morgunbl. ³	667.546	2.004.420	2.942.890	2.598.155
Samtals sóttar greinar í séráskriftum HÍ ⁴	18.682	33.778	70.381	90.513
Samtals sóttar greinar	1.578.505	2.945.492	4.142.073	3.950.477

FJÖLDI LÁNÞEGASKÍRTEINA

	2009	2010	2011	2012
Nemar HÍ	5.079	3.292	13.890 ⁵	13.311
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	1.005	941	793	657
Nemar utan HÍ	843	705	431	297
Aðrir lánþegar	1.087	941	1.174	930
Samtals	8.014	5.879	16.288	15.195

¹ Í ársskýrslu Landsaðgangs á vefnum *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

² Vegna vantalingar 2011 hafa tölur breyst úr 1.096.540 í 1.128.802 sóttar greinar.

³ Árið 2010 tengdi Morgunblaðið við Google leitarvélina og umferð um vefinn jókst mjög mikið.

⁴ Tölur um notkun á séráskriftum HÍ ná aðeins til hluta safnanna, en ekki er hægt að fá tölur úr þeim öllum (sjá bls. 30).

⁵ Frá árinu 2011 eru allir nemar við HÍ lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá skólans. Aðgerðin sparar mikla vinnu, en enn er ekki hægt að aðskilja virka og óvirka lánþega.

LESTRARSALUR HANDRITASAFNS OG ÍSLANDSSAFNS

Fjöldi gesta	2009	2010	2011	2012
Karlar				3.718
Konur				1.635
Samtals	7.350	7.050	7.150	5.353

LEIGA LESHBERGJA (MÁNUÐIR)

Fjöldi gesta				2012
Karlar				68
Konur				249
Samtals				317

ÚTLÁN

	2009	2010	2011	2012
Útlán – Þjóðarbókhlaða og útibú				
Stúdentar HÍ	45.436	43.899	39.621	37.678
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	8.505	8.448	7.495	6.671
Nemar utan HÍ	5.025	3.240	3.054	2.920
Aðrir lánþegar	8.760	8.889	7.644	7.082
Samtals	67.729	64.476	57.814	54.351
Íslandsefni lánað á lestrarsal	9.444	9.215	9.565	5.635
Handrit lánuð á lestrarsal	3.868	3.189	3.684	2.780
Tón- og myndsafn				
Hljóðrit – útlán	48	39	89	51
Myndefni – útlán	1.170	1.237	1.430	1.222
Tölvugögn – útlán	56	55	52	35
Nótur – útlán	100	93	86	125
Myndefni – áhorf	257	210	235	254
Hljóðrit – hlustun	174	194	183	168
Samtals	15.117	14.232	15.324	10.270
Heildarútlán	82.846	78.708	73.138	64.801

MILLISAFNALÁN

	2009	2010	2011	2012
Til bókasafnsins				
Bækur, filmur o.fl.	1.237	1.367	1.345	1.178
Ljósrit	1.130	1.031	1.197	1.170
Frá bókasafninu				
Bækur, filmur o.fl.	652	573	523	440
Ljósrit	914	706	566	312
Samtals	3.933	3.677	3.631	3.098
Millisafnalán til handritasafns	24	71	38	24
Millisafnalán frá handritasafni	90	47	81	70
Samtals í handritasafni	114	118	119	94
Millisafnalán í heild	4.047	3.795	3.750	3.194

PRENTUN OG LJÓSRITUN SAFNGESTA

Fjöldi blaðsíðna	2009	2010	2011	2012
Prentun	403.526	210.799	669.873	338.067
Ljósritun	455.213	373.435	242.711	175.372

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

	2009	2010	2011	2012
Fjöldi gesta á safnkynningum				
Frumkynningar fyrir HÍ	1.490	1.386	767	996
Framhaldskynningar fyrir HÍ	1.037	991	989	736
Aðrir	159	241	24	81
Samtals	2.686	2.618	1.780	1.813
Fjöldi safnkynninga				
Frumkynningar fyrir HÍ	36	34	29	46
Framhaldskynningar fyrir HÍ	54	48	54	47
Aðrir	17	18	10	4
Samtals	107	100	93	97
Bæklingar				
Nýir	5	5	4	7
Endurútgáfa	25	20	23	23
Samtals	30	25	26	30
Fyrirspurnir	2009	2010	2011	2012
Upplýsingaþjónusta				
Tölvupóstur	607	467	544	566
Í síma eða á staðnum	214	611	114	193
Heimildaleitir	30	28	25	47
Tón- og myndsafn	29	25	18	15
Íslandssafn	32	24	22	17
Kvennasögusafn (heimsóknir og fyrirspurnir)	232	369	335	277
Miðstöð munnlegrar sögu				25
Samtals⁶	1.144	1.524	1.058	1.140

⁶ Niðurstöðutölur frá fyrri árum hafa verið leiðréttar.



Sýningin Thorbjörn Egner í 100 ár.

SAFNKOSTUR OG REKSTUR

AÐFÖNG

Skylduskil ⁷	2009	2010	2011	2012
Bækur (rit skráð sem bækur)	7.349	6.156	6.458	5.260
Tímarit (hefti)	8.598	6.916	6.579	6.943
Blöð (töluþlöð)	5.592	4.003	6.226	7.125
Ársskýrslur	630	719	579	444
Veggspjöld	456	224	334	268
Landakort	68	99	49	11
Smælki (einingar)	9.000	7.552	6.372	8.026
Hljóðrit ⁸	750	800	915	769
Myndbönd og mynddiskar ⁹	72	107	93	60
Hljóðbækur	120	121	60	180
Margmiðlunardiskar/tölvugögn	3	0	14	8
Stafrænt efni í Skemmunni (fjöldi verka)	1.787	2.214	2.779	2.207
Stafrænt efni í Rafhlöðunni (fjöldi skráa) ¹⁰		993	1.424	56
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2009	2010	2011	2012
Heildarsafnanir	228.886	208.744	266.623	285.703
Vikulegar safnanir	93.088	95.630	75.503	98.171
Atburðasafnanir	36.658	36.944	15.857	1.164
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	358.632	341.318	357.983	385.038
Önnur aðföng	2009	2010	2011	2012
Bækur, keyptar	1.837	1.456	2.525	3.287
Bækur, gjafir/ritaskipti	3.829	4.210	6.532	3.574
Erlend tímarit, keypt í Lbs-Hbs og HÍ	624	552	511	450
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	52	50	30	28
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	500	400	310	300
Eldri árgangar tímarita	129	34	203	160
Íslensk tímarit, keypt	123	106	109	104
Íslensk tímarit, gjafir	47	53	50	40
Hljóðrit, keypt	88	54	186	136
Hljóðrit, gjafir	12	54	6	24
Myndbönd og mynddiskar, keypt	291	175	300	319
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	21	236	145	36
Hljóðbækur		33	3	2
Aðföng handritasafns (einingar)	61	50	80	53
Aðföng Kvennasögusafns (einingar)		27	13	11
Aðföng Miðstöðvar munnlegar sögu (einingar)			14	28

⁷ Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs-Hbs af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

⁸ Hér eru talin þau eintök af útgefnum hljóðritum sem varðveitt eru í Lbs-Hbs. Hér eru einnig taldir með titlar sem einstaklingar, kórar og hljómsveitir gefa út á eigin vegum.

⁹ Þ.e. titlar.

¹⁰ Leiðréttar tala, en efni fyrir 2011 var oftalið.

MYNDASTOFA

	2009	2010	2011	2012
Stafrænar myndir (fjöldi blaðsíðna)				
Blöð og tímarit	543.777	302.258	357.740	316.188
Bækur	7.807	57.434	88.912	54.670
Handrit	82.335	109.877	41.644	21.097
Íslandskort			20	939
Ekki til birtingar á vefjum safnsins				31.118
Samtals fjöldi blaðsíðna	633.919	469.569	488.316	424.012

BÓKBANDSVERK

	2009	2010	2011	2012
Einingar	54.865	48.226	48.587	43.275

ALÞJÓÐLEG BÓK- OG TÍMARITSNÚMER

ISSN-tímaritsnúmer	2009	2010	2011	2012
Fjöldi stakra númera	41	39	23	25
ISBN-bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	63	66	69	88
Fjöldi stakra númera	113	180	194	214

YFIRLIT YFIR ÁRSVERK STARFSMANNA SKIPT Á STARFSEININGAR

	2009	2010	2011	2012
Aðföng og skráning			20.78	17.63
Miðlun og rafrænn aðgangur			9.00	8.50
Rekstur og upplýsingatækni			11.75	13.05
Varðveisla og stafræn endurgerð			19.20	17.32
Þjónusta og samskipti við HÍ			11.52	12.88
Samtals ársverk¹¹	79.52	76.55	72.25	69.38
Flokkun starfsmanna (ársverk)	2009	2010	2011	2012
Bókasafnsfræðingar	25.60	26.35	24.70	24.30
Háskólamenntaðir	27.23	23.48	21.93	21.45
Aðrir bókaverðir	10.87	10.90	11.47	11.48
Aðstoðar- og skrifstofufólk	7.92	7.92	6.25	3.00
Iðnmenntaðir	7.90	7.90	7.90	9.15
Samtals stöðugildi	79.52	76.55	72.25	69.38

¹¹ Nýtt skipurit var tekið í notkun 2011 og fyrri skipting á svið á ekki við.

REKSTRARGJÖLD (Í ÞÚS. KRÓNA)

	2009	2010	2011	2012
Laun	404.475	418.110	418.866	425.890
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	262.153	292.795	266.583	297.469
Önnur gjöld	267.698	269.631	229.736	241.158
Samtals	934.326	980.536	915.185	964.517
Hlutfallstölur	2009	2010	2011	2012
Laun	43.3	42.7	45.8	44.2
Ritakaup	28.1	32.8	29.1	30.8
Önnur gjöld	28.6	24.5	25.1	25.0

REKSTRARREIKNINGUR (Í ÞÚS. KRÓNA)

Tekjur	2011	2012
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	48.074	50.692
Innheimt vegna Landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	107.706	106.978
Aðrar tekjur	127.141	67.505
Af fjárlögum	617.528	730.088
Samtals	900.449	955.263
Gjöld		
Laun	418.866	425.890
Rekstur húsnæðis	111.354	124.047
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	59.365	73.173
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	207.218	224.296
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	24.971	23.887
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	28.396	29.807
Önnur gjöld	65.015	63.417
Samtals	915.185	964.517
Rekstrarafgangur / halli	-14.736	-9.254



Lilli klifurmús ræðir við gesti sýningarinnar Thorbjörn Egner í 100 ár.